

ÓLAFUR THORS

Kveðjuorð og minningar

VIÐ fráfall Ólafs Thors, fyrrverandi forsætisráðherra og formanns Sjálfstæðisflokksins, er íslenska þjóðin djúpum harmi eigin. Raust mikilmennisins og stjórnmálaskörungsins er hljóðn uð, og hinu stórbrotna ævistarfi lokið.

Samband ungra Sjálfstæðismanna harmar fráfall síns mikla foringja og einlæga vinar. Enda þótt árin færðust yfir, töldu ungrir Sjálfstæðismenn Ólaf Thors ávallt í sínum hópi. Eldmóðurinn, krafturinn og djörfungin, sem einkenndu hann, gerðu hann áfúsugest hjá ungum mönnum. Allt hans viðmót einkenndist af vinarhug og skilningi, sem samfara karlmannlegri hreinskilni og einlægni ávann honum traust og virðingu meðal ungra manna. Ljúft er að minnast hollráða hans og heilræða, og ekki síður þess mikla trausts, sem hann ætíð sýndi ungum mönnum í verki.

Samband ungra Sjálfstæðismanna sendir eiginkonu hans, sem mestu réð um hans miklu lífshamingju, og aðstandendum hans öllum, innilegustu samúðarkveðjur.

Minningin um leiðtogann og manninn Ólaf Thors, mun í nútíð og framtíð verða dugandi mönnum hvatning til dáða.

Fyrir hönd Sambands ungra Sjálfstæðismanna,
Arni Grétar Finnsson.



SÚ ÞJÓÐ, sem alið hefur son sem Ólaf Thors, er lánsöm þjóð.

Við, sem störfum að félagsmálum, hljótum að komast í snertingu við þá, sem veljast til forustu fyrir hina ýmsu stjórnmála flokka. Síðan 1952 hefi ég kynnt mörögum, sem hafa verið í fararbroddi þjóðmála en á engan tel ég hallað þó sagt sé, að Ólafur Thors, sá víðsýni drengskapar- maður, beri þar af.

Ég tel mér það mikið lán að hafa fengið að kynna svo stórbrotnum manni sem Ólafur var.

Ég sé í blöðum, sem ég taldi mig þó áður vita, að stjórnmála- andstæðingar hans meta þennan ógleymanlega mann að verðleik um sem sérstæðan persónuleika og drenglyndan samstarfsmann.

Drengskapur er sú eigind, sem mér er minnstæðust í fari hans. Oft hafa svalir vindar blásið um Ólaf, enda

„stundur um stóra menn stormur úr hverri átt.“
Ég vil fyrir mig og þau sam- tók, sem ég starfa hjá, flytja Ólafi Thors þakkt fyrir við- kynninguna.

Konu hans, frú Ingibjörgu, börnum þeirra og öðrum aðstand- endum, sendi ég minar innileg-ustu samúðarkveðjur.

Björgvín Sigurðsson.



ÞEGAR mér barst andlátsfregn Ólafs Thors, kom hún mér ekki á óvart, því sjálfum sér kunní hann ekki að hlífa.

Ég fullyrði að á engum íslensk um stjórnmálamanni á þessari öld hafi meira mætt en Ólafi Thors, og þó oft hafi verið stórum höggum að honum beitt, hefur honum allra manna bezt tekizt að breyta stefnu þeirra högga, svo að oft hafa þau skaðað þá einna mest, sem reitt hafa.

Ég hef borið gæfu til að kynna Ólafi Thors persónulega og haft við hann þó nokkuð sam- starf í nær hálfan þriðja tug ára, og það sem mér verður minnis- stæðast í fari hans sem þing- manns er það, að aðalatriðið væri að koma hverju góðu máli fram, en hitt hver mundi þakka sér það að lokum, það var auka- atriði í hans augum. Víst er, að allir þeir sem nokkuð hafa kynnt Ólafi Thors, munu ljúka upp um það einum munn að meiri dreng- skaparmann hafi þeir aldrei þekkt.

Fyrir hönd Kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Reykjan- skjördæmi og persónulega flyt ég hans elskulegu konu og fjöl- skyldu innilegar samúðarkveðjur í þeirra miklu sorg.

Mig skortir orð, því þótt mér hafi ekki komið þessi sorgar- fregn á óvart, eins og fyrr er sagt, er ég ekki enn í raun og veru búinn að átta mig á því að hann sé horfinn okkur sjónum. En það er huggun harmi gegn, að áhrifa frá hans göfuga og giftu- rika starfi í þágu íslensku þjóð- arinnar mun lengi gæta.

Einar Halldórsson.



FÁTT mun hafa snortið fólk um land allt jafndjúpt og sorgar- fregn sú, er barst á öldum ljós- vakans á síðasta degi gamla árs- ins, að okkar ástærri foringi um langt skeið, Ólafur Thors, væri látinn. Menn setti hljóða, því þótt flestum væri kunnugt um, að Ólafur hafði um langt áralið átt við vanheilsu að búa, vonuðu menn samt að með algerri hvíld frá stjórnmálaþrasinu mætti honum auðnast að lifa lengi enn á meðal vor.

Með þessum mikla höfðingja er í valinn hniginn einn af merk-ustu stjórnmálaleiðtogum þessa lands, maður, sem skilur eftir sig djúp spor í sögu þjóðarinnar, maður, sem hefur um áratuga skeið átt hvað mestan þátt í að móta stefnu íslensku þjóðarinnar í innan- og utanríkisálum.

Ég man fyrst eftir Ólafi Thors þegar ég var smástrákur og átti heima í litlum bæ á Grímstaða- holti og Einarstaðir hét, en er nú löngu horfinn. Þá var það oft að neðan úr bæ kom stór hópur unglinga með ærslum og gleði- brag. Piltar og stúlkur fóru yfir túnið á Einarstaðum og niður að sjó í Skerjafirði. Einn piltanna vakti sérstaka athygli mína og annarra fyrir frjálsmannlega framkomu, enda var hann sjáan- lega fyrirliðinn, sem allur hópur inn virtist taka sér til fyrirmyndar. Þessi piltur var Ólafur Thors.

Svo liðu mörg, mörg ár, ég fór að stunda sjóinn og fylgdist lítið með því, sem í landi gerðist. Svo var það einn góðan veðurdag, að ég gekk upp hafnarbakkann og sá mikinn mannfjölda standa framan við háan kolabing og hlusta á mann, sem stóð uppi á bingnum og hélt þar þrumandi ræðu að mér skildist gegn Ólafi Friðrikssyni og hans líði, sem æsti þá mjög til verkfalla. Þessi maður var Ólafur Thors. Ég man enn að kjarninn í ræðu hans var á þá leið að verkföll leystu eng- an vanda, heldur ykju á hann, að okkar fámenna og fátæka þjóð yrði að standa saman, stétt með stétt, ef takast ætti að

byggja upp trausta atvinnuvegi og vernda sjálfstæði þjóðarinnar, verkföll kæmu harðast niður á fátækustu heimilunum og verk- fallsmönnum sjálfum.

Varla er hægt að segja, að Ólafur hafi verið byrjaður sinn raunverulega stjórnmálaferil, þegar þessi ræða var flutt. Þó er það augljóst að á grundvelli þeirra skoðana, sem hann þar setti fram, hefur hann mótað og byggt upp sitt stjórnmálstarf frá því fyrsta til hins síðasta. Árangurinn er öllum skynbornum mönnum augljós.

Undir forystu Ólafs Thors hef-ur Sjálfstæðisflokkurinn vaxið ár frá ári í það að vera nú lang- stærsti stjórnmálaflokkur lands- ins. Undir forystu Ólafs, ýmist sem forsætisráðherra eða ráð- herra annarra mála í ríkisstjórn um, hafa orðið stórstigari fram- farir í uppbyggingu atvinnuveg- anna á sjó og landi en dæmi eru til um áður í sögu þjóðarinnar.

Ólafur Thors var víðsýnn raun- sæismaður. Hann vildi leysa hvern vanda með hagsmunum allra stétta þjóðfélagsins fyrir augum. Honum tókst manna bezt að laða að sér menn með ólíkustu skoð- anir og vinna þá til sátta og sam- starfs. Vegna þessa eiginleika Ólafs varð hann með eindæmum vinsæll maður, ekki aðeins í eig- in flokki, heldur langt út fyrir radir hans. Það mun óhætt að fullyrða, að enginn núlifandi stjórnmálamaður, sem staðið hef-ur áratugum saman í fremstu línu stjórnmálaárátunnar, hafi notið jafn almenns trausts og vin- selda og Ólafur.

Það var árið 1949 að ég fékk persónulega að kynna Ólafi Thors. Ég komst þá strax að raun um hvern mann hann hafði að geyma. Félag mitt, Þróttur, stóð þá sem oft áður í mjög harðri deilu við Vinnuveitendasamband Íslands. Það bar mikið á milli og vandséð hvernig það bil yrði bráð, þar sem hvorugur aðiliinn var líklegur til að slaka mikið til. Þá bað Ólafur mig um að koma til sín og ræða málin eins lega, sem ég og gerði. Ekki þarf að orlengja það, að meiri skil- ing og vinsemd í okkar garð hef- ég ekki fyrirhitt. Hann bauð mér strax að bera sáttarorð á milli og vinna að lausn deilunnar, sem hann og gerði. Persónulega er ég sannfærður um að þessi deila hefði staðið lengur og haft verri endi, ef hans hefði ekki notið við. Upp frá þessu var Ólafur jafnan reidubúinn að rétta okk-ur hjálparhönd, ef á þurfti að halda. Svipæða reynslu munu bæði verkamenn og aðrir laun- þegar á sjó og landi hafa fengið í viðskiptum sínum við Ólaf Thors, enda átti hann marga vini og aðdáendur í hópi þess-ara stétta.

Frá minum bæjardrym séð orkar það ekki tvímælís, að það voru fyrst og fremst vinsældir Ólafs og traust fólksins á dreng- skap hans og réttlætiskennnd, sem öfluðu Sjálfstæðisflokknum fylg- is langt inn í raðir launþegasam- takanna. Ólafur Thors var sér- stæður persónuleiki, sem seint lifur þeim úr minni, sem kynnt ust honum. Hann var mikill bjart sýnismaður og trúði á mátt og þrek þjóðarinnar til að standa að sér öll áföll og sigrast á öllum erfiðleikum. Óeining og stétta- stríð var eitru í hans beinum. Þreyttist hann aldrei á að vara þjóðina við því. Og sagan mun sýna það og sanna, að þegar þjóð



ÓLAFUR THORS

in bar gæfu til að fara að hans ráðum, vegnaði henni vel. Að sjálfsögðu væri hægt að taka mý- mörg dæmi þessu til sönnunar, en til þess er hvorki tími né rúm að þessu sinni.

Í hugum okkar Sjálfstæðis- manna var Ólafur hinn mikli for- ingi, sem allir gátu treyst. Hann vék aldrei fyrir erfiðleikum, heldur barðist gegn þeim af djörfung og trú á að góður og réttlátur málstaður sigri að lok- um. Og nú er skarð fyrir skildi. Það er ekki aðeins að Sjálfstæðis flokkurinn hafi misst sinn mesta og bezta leiðtoga, einnig íslenska þjóðin hefur misst einn af sínum beztu sonum.

En mitt í þeim sára harmi, sem kveðinn er að við fráfall hans, megum við þó vera forsjóninni þakklát fyrir þá miklu gæfu til handa íslensku þjóðinni, að hafa fengið að njóta hans svo lengi. Við kveðjum hann nú í hinnta sinn með þakklátum huga, en ávöxtur verka hans mun lifa og dafna í íslensku þjóðlífi.

Ég votta eftirlifandi konu hans og ástvinum mína dýpstu samúð.

Friðleifur í. Friðriksson.



ÓLAFUR Thors hefur markað djúp spor í sögu íslensku þjóðar innar og átt forgöngu ýmist einn eða með öðrum að framfaramál um hennar um fjögurra áratuga skeið, einmitt það tímabil, sem væntanlega verður talið viðburða mesta og jafnvel einnig eitt ör- lagarikasta tímabilið í sögu þjóð- arinnar til þessa dags.

Sá þáttur verður sagður af öð- um og þó tæpast tæmandi á kveðjustund.

Það, sem mér er eftir í huga nú, eru samt sem áður ekki verk og afrek Ólafs Thors heldur það urinn sjálfur, og höfðinglegur og huggljúfur persónuleiki hans.

— — — Þröng á þingi. Ferð- búið skip liggur við Grófar- bryggju. Góðir vinir kveðja. Norðmenn búast til brottfarar eftir Snorrahátið. Ólafur Thors, einn forustumanna hátiðarinnar, stendur fremstur á bryggjunni en hópur ungra stúdenta að baki hans. Um leið og skipið er að fara frá, segir hann og tekur á rás: „Strákar, kveðjum vini vora bet- ur frá Ingólfsgarði.“ Foringinn er kominn á harða hlaup, þegar frú Ingibjörg minnir hann á, að hún hafi ekki lykíl að heimili

þeirra, — og það var eins og við manninn mælt, að hann tekur snögga sveiflu, sem stúdentum fannst einsætt að endaði með beinbrotum og örkuðum, — en eftir heljarstökk kemur Ólafur Thors vel niður eins og ævinlega endranær, sveiflar lykli- inum til konu sinnar og heldur áfram í fararbroddi að Ingólfsgarði, þar sem Norðmenn eru kvaddir með húrrahrópum, er Ólafur Thors stjórnar, en stúdentar og allir viðstaddir taka sterklega undir, stóttir að eiga slíkan foringja að sýna frændum sínum, — og hrifningin ljómar í andlitum gestanna, en sigla framhá heim á leið. — — —

— — — Ungur nýbakaður þingfréttaritari hlustar með að- dáun á Ólaf Thors halda mikla ræðu í þingsal og vex í augum, hvernig gera megi slíki ræðu viðunandi skil í endursögn í út- breiddasta dagblaði landsins.

Hann leitir á náðir ræðu- manns og er tekið af stakri ljúf- mennsku. „Fyrst þurfum við að gera upp við okkur“ segir Ólafur Thors með glettnisbros á vör, „hvort eigum við að hafa þetta eins og það var eða eins og við vildum, að það hefði verið?“

Þótt þessi orð hafi hniðið að því, sem búið var og gert í það skiptið, og Ólafur Thors verið eiginlega að horfa fram á við en aftur á bak, þá hafa mér fundizt þessi orð táknaen. Ólafur Thors sameinaði einmitt á lífs- og stjórnmálaferli sínum að leysa vandamál líðandi stundar, að taka því, sem varð að vera, en missa ekki sjónar á því, sem hann vildi láta verða. — — —

Með spaugi eða óbrotinni al- vöru, en höfðinglegu hispurs- leysi átti Ólafur Thors greiddan aðgang að samtímamönnum, and stæðingum sínum sem samherj- um, ungum sem gömlum. Hann umgekkst menn sem jafningja sína, ekki með því að lúta þeim, heldur með því að hefja viðmæl- endur sína upp til móts við sig.

Fáir kunnu betri skil á því, að „aðgát skal höfð í nærveru sálar“. Ólafur Thors gat sett ofan í við samherja sína, fundið þeim og skoðunum þeirra ýmis- legt til foráttu, en á þann veg, að þeir héldu sjálfsvirðingu sinni, og þeim gat jafnvel þótt vænt um athygli foringjans um leið og þeir skildu alvöru orða hans. Til Ólafs Thors var því oft leit- að ráða, og hann reyndist einnig ávallt sannur hollvinur.

Um leið og við sendum frá Ingibjörgu Thors og fjölskyldu innilegar samúðarkveðjur, vitum við, að Íslendingar eiga eftir að rífa upp með þeim lærdómsríkar og skemmtilegar endurminningar um Ólaf Thors, því að hann er ógleymanlegur maður.

Megi eldmóður sá og æskufjör, sem Ólafur Thors varðveitti til hins síðasta í lífsstarfi fyrir velferð Íslands, ávallt vera þjóð hans og flokki til fyrirmyndar.

Geir Hallgrímsson.

+

RÚMLEGA sextíu ár eru liðin síðan fundum okkar Ólafs Thors, fyrrverandi forsætisráðherra, bar fyrst saman. Hann var þá aðeins 12 ára að aldri, og kom til sumarvaxar á heimili foreldra minna í afskekktum stað úti á landsbyggðinni, þar sem kjör fólksins voru öll önnur og erfiðari en hann átti að venjast í því umhverfi, sem hann ólst annars upp í.

Okkur krökkunum varð starfsýnt á þennan glæsilega og fjörmikla pilt, og það var ekki laust við, að við færum hjá okkur í vandrútt hans. En það stóð aðeins skamma stund, því áður en við vissum af hafði hann tekið forystu í leikjum okkar og störfum, og stjórnað okkur á skipulagðan hátt til margvíslegra nýrra og áður óþekktra átaka. Öll viðbrigði hans mörkuust af lífskrafti, fjöri og næmum skilningi á því, hvernig mæta skyldi vandanum og sigra. Hann var strangur um allar leikreglur og þoldi engum að viðhafa ranglæti og síst að öllu, að ganga á rétt lítilmagnans.

Þegar sumarið var á enda og hann hélt aftur heim var mikill söknuður meðal okkar leikfélagna. Var sem hann færi á brott með gleði okkar og fjör, en skjótt fundum við, að hann hafði skilið eftir nokkurn hluta af sjálfum sér, sem jafnan vísaði okkur veginn til nýrra dæða, nýrra átaka og nýrra sigra. Ekki veit ég hversu mikill skóli þessi sumartími var honum, en okkur var hann ómetanlegur. Hitt er vist, að þá spann hann þann þráð af vináttu og tryggð við foreldra mína, heimili og venzlafólk, sem aldrei síðan brast. Og öllum var okkur það ljóst þá, að hér fór mikið foringjaefni, sem myndi eiga framundan harða baráttu fyrir mörgum nýjungum, sem bæta skyldu kjör eils almennings í landinu, og vinna á þeim vettvangi marga glæsilega sigra.

Árin liðu og leiðir okkar Ólafs lágu víða saman og oftast en við var búzt í æsku. Fyrst á sviði þróttmikilla atvinnu- og athafnamála, sem hann var lífið og sálin í, seinna á sviði félagsmála, og síðast á sviði landsmála, þar sem hann gegndi forystu. Og allstaðar einkenndist stefna hans og starfságerðir af sömu kostunum, sem ég kynntist hjá honum, þegar hann 12 ára var í sumarvistinni.

Betur og meir kynntist ég hæfileikum hans og drenglyndi í tuttugu ára samstarfi á Alþingi og ýmsum öðrum þingum annarra landa. Eru þær stundir margar ógleymanlegar. Þegar hann steig í ræðustól, hvort heldur á mannfundum, á Alþingi eða sem fulltrúi Íslands á erlendum þingum, beindust allra augu að hans sterka persónuleika. Þegar hann svo hóf mál sitt og röddin hljómaði út til áheyrenda, urðu þeir sem bergmúdir. Svo mikið vald hafði hann yfir máli og meðferð efnisins, svo sterkt seiðmagn streymdi út frá sál hans. En þegar hann sjálfur hlustaði á veika, biðjandi rödd smælingjans, varð hann allur að móðureyra. Þeir strengir snertu hjartað.

Ég sá hann rísa hátt í mörgum stórmálum á Alþingi, en hvergi eins hátt og í umræðunum um

stofnun lýðveldisins. Þar var ris hans hæst, þar var stjórnmála hans stærst, þolinmæðin mest, rökin markvissust. Hann hafði einsett sér, sem foringi stærsta stjórnmalaflokksins, að sameina alla krafta og alla menn, af hvaða flokki, sem var, um þetta mikilsverðasta mál þjóðarinnar, sem honum var hjartfólgnast allra mála, því hann vissi, að hér var um fjöregg þjóðarinnar að ræða. Hér var hann jafnslunginn og óþreytandi, að halda okkur í skefjum, sem í brennandi áhuga fyrir skjótri lausn málsins vildum knýja það fram, þótt eigi næðist um það samstaða allra flokka, eins og að þreyta andstöðuna og laða hana til fullkomins samstarfs, sem að lokum tókst, fyrir hans traustu og drengilegu forystu.

Menn undruðust oft hversu vel honum gekk, að halda samfylkingu um afgreiðslu mála í flokki allra stétta, þar sem

sem mér var falin formennska í fjárveitinganefnd, minnst ég ekki, að hann nokkuð sinni lyfti fingri til framdráttar erindum þeirra efnaðu, en vissi hann um beiðni hinna fátæku og veikju, voru augu hans vökul og viljinn sterkur, til þess að láta þau erindi lá jákvæða afgreiðslu. Meginþættirnir í því sterka valdi, sem hann hafði yfir fulltrúum með gerólikar lífsskoðanir og hagsmunir, var, að hann átti allt í senn, og beitti því af ýrustu nærgætni: skarpa athugun og framsýni, óvenjulega heilsteypa skapgerð og mikinn persónuleika, ríka réttlætisfinningu, og ekki hvað sízt „hjarta fullt af gæðum“. Það var því ekki einasta sjálfsagt, að laðast að ákvörðunum hans og vilja við afgreiðslu mála, heldur var það beinlínis ljúft og hressandi, að fylgja þeim til sigurs.

Og nú er hann horfinn sjónum vorum, eftir langan og skemmti-

brenna, svo að æska Íslands megi ylja sér við þá, og sækja í loga þeirra nýjar hugsjónir og nýjan þrótt. Og frjóangarnir, sem hann gróðursetti í Íslenskri móðurmold, halda áfram að vaxa og klæða landið, þrýða það og skýla nýjum kynslóðum. Álit það, sem hann skóp Íslenzku þjóðinni á erlendum vettvangi, varir lengi og léttir spor eftirkomenda, sem þar koma til að feta í fótspor hans.

Braut Íslenzkra stjórnmalamanna er ekki ávallt blómum stráð, og um þá blása ýmsir vindar. Og þess var ekki að vænta, að jafn svipmikill persónuleiki og Ólafur Thors var, ætti þar nokkrum frjóndum að fagna. Hann valdi ekki neinar trúðnar slóðir. Hann setti mark-ið hátt og hikaði ekki við, að brjóta leið yfir hinar ferlegustu torfærur og oft varð hann fótasár á þeirri göngu, og um hann blésu þar oft kaldir vindar á leið

hvert sem hann fór, og nú síðast að dyrunum, sem aðeins eru opnar þeim, sem guðirnir kjósa sér hverju sinni, enda fannst honum sem hann gengi vopnlaus og verjulaus á baráttuvöllinn væri hún hvergi nærri.

Þúsundir þegna þessa lands elskuðu Ólaf og dáu hann. Þjóðin átti líf hans og störf engu minna en heimilið. Þúsundir manna harma nú brottför hans, blessa minningu hans og störf, og óska þess, að andi hans svifi lengi yfir Alþingi og móti störf þess á ókomnum árum. Frá þessum þúsundum streyma nú sterkar öldur samúðar og þakklætis til konunnar, sem alla tíð stóð tryggan vörð um heilsu hans og líf.

Ólafur Thors lauk gæfufríkri ævi á síðasta degi ársins. Sál hans ris upp á nýju ári í verkum hans, því merki hans mun lengi standa þótt foringinn sé fallinn, og vísa veginn þeim, sem falið er það hlutverk á hverjum tíma, að leysa þann vanda, sem að þjóðinni jafnan steðjar.

Gisli Jónsson.

+

FYRIRFERÐARMESTI stjórnmalaskörungur þjóðarinnar um langan aldur er genginn með gamla árinu. Mætti það vel marka tímamót, og skal þó engu um það spáð í dumbungsvæðri líðandi stundar.

Með Ólafi Thors er til molar hafinn höfðingi, er átt hefur það drjúgan þátt í samfimasögu lands og þjóðar, að jafnar við ein dæmi. Sem foringi stærsta stjórnmálaflokksins og oft í forsæti ýmissa ríkisstjórna var hann að sjálfsögðu umdeildur, en Saga geymir nafn hans örugglega, og visast í því efni til Hávamála.

Ahrifamaður um flesta fram var Ólafur Thors og kunnir því ekki líla, ódeigur oddamaður ósjaldan á tímum tvisýnu, stórstyrjaldar úti í löndum, er teygt hafði hingað gripklær sínar, en heima fyrir vegna skorts og gerviauðsæðar sitt á hvað. Er enginn ófundsverður af að hljóta oft og tíðum að taka óriagaþrungnar ákvarðanir með ónógum fyrirvara og í misjöfnu sýni kólgaðra daga. Vill þá stundum fara svo, að skakkaföllin sé hið eina vísa, og endurminningin um þau geymist alla jafna betur en þær gerðir, er að gagni koma og til blessunar verða þangað til Saga jafna fingur í lófa.

Um manninn Ólaf Thors, skapgerð hans, dagfar, skemmtilegt viðmót og raungæði talar það sínu máli, að hann um fjóra tugi ára var ósigrandi í því kjör dæmi, þar sem hann fyrst bauð sig fram. Mætti þó segja mér að þeir menn séu ófáir um land allt er í eina tíma eða annan hafa orðið áskapaðrar drenglundar hans aðnjótandi, án þess að gjöf sæi til gjalda. Falli orkumaður af því tagi í valinn um aldur fram, af því að hann aldrei kunní að hlífa sér, verður hann harmdauði ástvinum flestum öðrum fremur, enda munu þeir ófáir sem þessa dagana hugsa til ekkju hins látna og annarra skyldmenna með alúðarhluttekningu.

Gunnar Gunnarsson.

+

LANDSMENN setti hljóða er fréttist um andlát Ólafs Thors, fyrrverandi forsætisráðherra, á síðasta degi ársins. Ólafur hefur um áratugi verið sá maður, sem mestan svip setti á þjóðlífið og markaði dýpstu sporin í stjórnmálasögunum. Hann var sá gæfumaður að vera í fylkingarbrjósti í baráttunni fyrir fullu frelsi þjóðarinnar og menningar- og efnahagslegri uppbyggingu hennar.

Allir sem þekktu Ólaf vissu að hann trúði á landið og þjóð. Framhald á næstu síðu.



Ólafur Thors flytur ræðu á Landsfundi Sjálfsteðisflokksins.

margvísleg sjónarmið hlutu að rísa. Og oft var ég að því spurður á erlendum vettvangi, hvernig það mátti ske, að hann gat eflt borgaraflokk upp í stærsta flokk í landinu og haldið honum þannig árum saman. Okkur, sem þekktum forystuhæfileika Ólafs og lífsskoðun hans, var þetta engin ráðgáta. Við vissum vel, að fyrir hans sterku áhrif, var flokkurinn frjálslyndur umbótaflokkur, sem varpaði þó ekki fyrir borð því bezta, sem þekkt var í þjóðlífi Íslendinga frá alda öðli, en hafði jafnframt opin augu fyrir öllum nýjungum, sem bæta mættu hag þjóðarinnar, og formaður flokksins þoldi engum, að ganga á rétt hins veika til framdráttar hinum sterka, svo sterk var réttlætisfinning hans. Í öll þau átta ár,

legan ævidag, eins og hann hvarf okkur leikfélögum haustið 1904, eftir skemmtilegt sumar. En hann er ekki nú frekar en þá allur á brott. Nú eins og þá, skilur hann eftir nokkurn hluta af sjálfum sér, því stærri hluta því fleiri og stærri, sem verkefni hafa verið. Ljósinn, sem hann tendraði við annes og brimotta strönd, til þess að lýsa sjófarendum, sem allt líf sitt og afkomu áttu undir auðlegð hafsins, þau loga enn um langan aldur. Orkan, sem hann veitti inn á þúsundir heimila í borg og bæ, um annes og inn til dala, hún varir um öll okomin ár, við að ylja og lýsa og veikja mátt hins grimma óvinar íslenzkrar náttúru: myrkrið og kuldann. Varðeldarnir, sem hann kveikti um land allt, halda áfram að

til hæstu tinda. Oft leit ég hann þá bæði særðan og þreyttan, einkum ef vindar eða andblær blés af þeirri átt, er hann síst vænti, en aldrei sá ég hann svigna eða bugast. Til þess var trúin á málstaðinn of sterk þrótturinn af mikill, blóðið of heitt og skapið of þrungnið, en á slíkum stundum þótti honum gótt að koma heim til hennar, sem hann ungar kaus sér að lífsförunaut. Heimilið, kastalinn, sem umgirtur var óvinnandi múr af nærgætni og kærleika, ró og friði. Þar var farið mjúkum græðandi höndum um sárin, þar var blásið nýju lífi og nýjum þrótti í sókn unz sigur var unninn. Það var því ekki einasta venja heldur beinlínis óhjáókvæmleg nauðsyn, að konan fylgdi honum hin síðari árin,

ina. Hann var stórhuga maður, sem alltaf stefndi fram á veginn. Hann var því sjálfkjörinn foringji, sem þjóðin treysti og trúði. Með óbilandi kjarki, drengskap og viðsýni tókst honum oft að sameina sundruð öfl til dáða fyrir land vort og þjóð.

Þegar lýsa á jafn stórbrotnum manni og Ólafur var, þá verða orð harla fánýt, þar eru það verk in sem fyrst og fremst tala sínu máli. Þó vil ég minnst á einn þátt í fari hans, sem ég varð alltaf var við og lýsir drengskap hans vel, en það var umhyggja hans fyrir öllum þeim er áttu við erfið kjör að búa. Þetta veit ég að allir hafa komizt að raun um, sem báru gæfu til að kynast honum.

Það kom oft í hlut hans að vinna að lausn erfiðra vinnudeilna. Þar bar oft mikið á milli og sitt sýndist hverjum eins og gengur og gerist, en flestir verka lýðsleiðtogarnir hafa gefið Ólafi það orð, að við hann væri gott að tala og semja og ef hann leysti ekki hnútinn gerðu aðrir það ekki. Átti þetta jafnt við um andstæðinga í stjórnámálum, sem og samherja.

Í þessum málum kom fram ríkur skilningur Ólafs á því, að bæta lífskjör fólksins og tryggja að allir byggju við sem beztan hag. Og jafnframt hans ríku eig inleikar til að taka tillit til skoðana annarra og sætta ólík sjónarmið. Sérstaklega minnst ég þó þess, hvað sjómennirnir áttu hug hans allan í þeirra áhættusama og erfiða starfi á hafi úti.

Ég vil í nafni Verkalýðsráðs Sjálfstæðisflokksins þakka Ólafi forystuna og þann góða hug sem hann sýndi samtökum launafólks.

Ástvinum hans flyt ég mínar innilegustu samúðarkveðjur og bið Guð að vera með þeim í sorg þeirra.

Gunnar Helgason.



TÆPLEGA tvítugur kynntist ég Ólafi Thors og fann þegar bjarnylinn af hans sterku persónu, eins og Árni Pálsson komst eitt sinn að orði um Hannes Hafstein. Kraftur og hlýja fóru þar fagætlega saman. Þrótturinn í skapi, orði og athöfn vöktu í senn undrun og aðdáun. Ylurinn hlýjaði um hjartarætur og kallaði fram þessa þægilegu kennd að þykja vænt um mann við fyrsta fund.

Ólafi Thors var gefið seðmagn persónuleikans í ríku mæli. Fáa menn hef ég þekkt, er þjuggu sem hann yfir slíkum hæfileika til þess að tala menn á sitt mál. En um leið var honum gefin ríkulega sú list að kunna að hlusta með gamngæfni á viðmælendur sína. Kannske voru þessir eiginleikar tveir tvínaðir saman.

Nálegt 1930 fór vakningaralda æskufólks yfir Ísland. Í öllum stjórnmalaflokkum voru stofnuð félög ungra manna, en fyrst þeirra var félag ungra Sjálfstæðismanna í Reykjavík, Heimdallur. Þau samtök tóku upp baráttu fyrir ýmsum framfara- og félagsmálum, sem þá voru ekki á stefnuskrá flokksins, og vildu beina honum í frjálslyndari átt en hann hafði áður fylgt.

Það varð á næstu árum hlutskipti Ólafs Thors, öðrum mönnum fremur, að sveigja Sjálfstæðisflokkinn til þeirrar áttar um bótta og frjálslyndis, er æskan óskaði. Það sýndi vitsmunum hans, og lagði, hversu vel þar tókst til.

Við skirn hlaut hann nafnið Ólafur Tryggvason. Snorri Sturluson segir í Heimskringlu um alnafna hans, Ólaf Tryggvason Noregskonung, að hann hafi verið „allra manna glaðastur“. Þau orð voru einnig sannmæli um Ólaf Thors. Fjórðið og fyndn-



Ólafur Thors býður Gullfoss hinn nýja velkominn af hafi úr fyrstu för.

in leiftrúðu. En alvaran og ábyrgðin stóðu föstum fótum, grunnmúruð.

Einlægur samúðarkveðjur sendi ég ástvinum Ólafs, en sjálfum honum fylgja þakkir og fyrirbætur, er hann gengur nú inn í fögnuð herra síns.

Gunnar Thoroddsen.



FYRSTU kynni mín af Ólafi Thors voru í barnaskóla Hafnarfjarðar á árunum 1899-1900, er hann var aðeins 7-8 ára gamall. — Hann vakti þá þegar athygli mína og annarra vegna þess hversu óvenjulega glaðvær, aðlaðandi og drenglundur hann var. — Það var upphaf vinnu okkar, sem aldrei síðar bar skugga á.

Nokkrum árum síðar lágu leiðir okkar saman, en þá í Menntaskóla Reykjavíkur, og loks þegar ég hóf lækni starf mitt hér í bæ, vorið 1916, hlötnaðist mér sú sérstaka ánægja að fá að verða heimilislæknir hans og hélt það til hans hinztu stundar.

Í mínum augum var hann ævinlega glæsimegnið og göfugmennnið, bæði í sjón og reynd, enda vakti persónuleiki hans, eins og kunnugt er, sérstaka athygli ekki aðeins hér á landi heldur og eigi síður meðal erlendra stórmanna og stjórnmalamanna er honum kynntust. — Gáfur hans voru leiftrandi og viðsýnin mikil svo að honum reyndist auðvelt að leysa á skömmum tíma hin erfiðustu viðfangsefni, er sí og æ mættu honum á lífsleiðinni bæði í stjórnámálum og á öðrum sviðum. — Hann lét aldrei bugast undan þunga ábyrgðarinnar í starfi sínu sem stjórnmalamanns í fararbroddi, á meðan heilsan entist, né undan oft harkalegum árásum andstæðinga sinna, en ég undraðist oft með hve mikilli vinsemi og sanngirni hann talaði um mótherja sína í mín eyru.

Hann var sannur mannvinnur, er lét sér mjög umhugað um velferð hinna minnimáttar í þjóðfélaginu og ég efast um að í hjarta sínu hafi hann átt einn einasta óvin. Hitt er eins víst að vinir hans og aðdáendur eru óteljandi. — Það var mikið happ að fá að vera náinn vinur slíks manns og þannig fá tekiferi til

áð njóta skilnings hans og góðra ráða, er erfiðleika bar að höndum. — Ég dáist þó ekki síður að karlmennsku hans og æðruleysi, er hann sjálfur átti í höggi við andstremmi og sjúkdóma, og það til hinztu stundar.

Þegar ég sá hann síðast, með fullri rænu, í banalegunni, lék milt brot um andlit hans, er hann leit á mig, ég sá þá að hann vissi að kallið var komið. — Þannig bregðast hetjur við dauða sínum.

Ólafur Thors var mikill gæfumaður, sem unni þjóð sinni af heilum hug og bar gæfu til að standa sigursæll í fararbroddi í frelsisbaráttu hennar og síðar á mesta framfaraskiði hennar.

En mesta lán hans í lífinu hygg ég að hafi verið æskuástin hans, er entist til æviloka.

Frú Ingibjörgu, með sinni eindæma hjartahlýju og óbugandi jafnvægi á hverju sem gekk, mætti líkja við brimbrjót í ölduróti hins daglega lífs hans. Heimili hans var hans kastali, í þess orðs fyllstu merkingu og í því andrúmslofti var gott að vera. Hann átti og miklu barnaláni að fagna.

Við fráfall Ólafs Thors, hefir ekki aðeins eiginkona hans, börn, nánustu ættingjar og vinir mikils missi, heldur og þjóðin öll.

En minningin um hinn glæsta foringja og mannvinn mun aldrei farnast.

Blessuð sé minning hans.

Haldór Hansen.



ÓLAFUR THORS fyrrum forsætisráðherra er horfinn af sviði íslenskra stjórnmalá.

Fáir höfðu honum lengur háð þar glímuna. Hann var á sjölugasta og þriðja aldursári, er hann lézt — aldur í rseti Alþingis var hann og hafði setið á 47 þingum auk þess sem yfir stóð.

Má því með sannri segja, að óvenju lengi entist honum fjór og þrek í því eittraða návígi átakanna og stjórnmalabaráttunnar, sem svo mörgum íslenskum stjórnmalamanni hefur áður orðið að sidurtilla.

Lífsgleðin var Ólafi Thors óbrigðul fórunautur. Hann var maður hins hispurslausa hressileika - gæddur óvenjulegum um gengnishæfileikum. Með gáska

í fasi og gamansömu tilsvári tókst honum oft að þoka mollunni til hliðar í einu veffangi, er fundum bar saman.

Ég verst því ekki að vitna til þeirra orða Þórólfs, er hann við hafði um annan íslenskan höfðingja fyrr á tíð:

„Bæði af honum gustur geðs og gerðarþokki stóð.“

Að Ólafi Thors er mikill sjónarsviptir í sölum Alþingis, og íslenskt samfélag er fasmiklum persónuleika fátækara.

Um þetta held ég, að menn verði ámennt sammála.

En hjá því gat ekki farið, að Ólafur Thors væri umdeildur maður. Þó var það áreiðanlega meira stjórnmalamaðurinn en persónan sjálf, sem deilt var um. Hans leiðir í stjórnámálum, voru leiðir þeirra hagsmunahópa og stetta, sem Sjálfstæðisflokkurinn er fulltrúi fyrir. Og í sínum flokki hygg ég, að hann hafi verið mikill mannasættir enda sýnt yfirburðshæfileika til að halda ósamstæðum öflum saman.

Um þá hlið mannsins ræði ég ekki. Við vorum fulltrúar andstæðra hagsmunna og stétta á Alþingi. Það var því hlið andstæðingsins en ekki samherjans, sem að mér sneri.

Og hvernig var þá Ólafur Thors, sem pólitískur andstæðingur?

Oneitanlega harður andstæðingur. En hitt brást sjaldan, að hann væri þrátt fyrir allt skemmtilegur andstæðingur. Ill skeyttur gat hann verið, en ekki heiptækinn. Hann gat hræsnis laust tekið í hönd andstæðingi sínum eftir harða viðureign, aðeins ef honum fannst hann ekki leiðinlegur.

Djúphygjumaður held ég, að Ólafur hafi ekki verið, en hann var fljótur að átta sig, laus við sjálfbirgðisskap, fús á að taka til til annarra og sáttfús.

Þessir eiginleikar held ég, að bæfi orðið honum heilladrjúgir á lífsleiðinni og átt verulegan þátt í farsæld hans í störfum á stjórnmalasviðinu.

Tvær leifturmyndir að lokum. Það var á þinginu 1946 undir umræðum um hitamál í Efrideild Alþingis. Ég hafði aðeins verið fáa daga á þingi og var aði mig ekki á þingsslunum í Alþingishúsinu. Eg reis úr sæti nokkuð snögg og skaut stónum aftur um leið. Finn ég þá, að ég hef rekið stólinn allharkalega í einhverni, sem við vegginn stóð fyrir aftan mig. Hálfbilt varð mér, er ég sá, að þetta var Ólafur Thors forsætisráðherra. En hann var hinn hressasti og sagði: „Þetta var þá fyrsti áreksturinn okkar“. Sá ég, að þonum líkaði stórum vel, en mér varð ekki orðfall heldur, svaraði að bragði: „Og vonandi ekki sá síðasti.“

Hitt atvikkið, sem ég vil minnast, varðar þvingunarlagafrumverpið í fyrrihaust. Þá voru um ræður harðar og hiti í mönnum. Var ég þar ekki barnanna beztur í garð forsætisráðherra og stjórnarinnar. En það skal játað, að þá fannst mér til um Ólaf Thors, er hann sýndi það pólitíska þor og þá manndómslegu sáttfýsi, að taka frumverpið aftur og bjóða að setjast heldur að samningaborði. Slíkt spor hefði enginn pólitískur heigull, né heiptæklið smámenni stigið.

Og þetta var einn seinasti stór atburðurinn í pólitískri ævi Ólafs Thors. Skömmu síðar steig hann í seinasta sinn úr stóli forsætisráðherra.

Einn valdamesti stjórnmalamaður þjóðarinnar er til molder borinn í dag. Með honum er horfinn litríkur og svipmikill persónuleiki. Hans er ekki aðeins saknað af fylgjendum og flokksbræðrum. Hans er einnig saknað af andstæðingum.

Ástvinum Ólafs Thors, og þá alveg sérstaklega eftirlifandi konu hans, frú Ingibjörgu Thors, sendi ég í dag hlýjustu samúðarkveðjur.

Hannibal Valdimarsson.



ÞESSU hef ég lengi kviðið — Nú hefir það skeð. — Ólafur Thors er látinn.



Sá kvíði, sem ég vík að, er á engan hátt tengdur við síðustu árin, eftir að hinn mikli foringji gekk ekki heill til skógar. Hann á sér miklu lengri aðdraganda. Menn spyrja sjálfsgagt: Hvers vegna þennan kvíða? Hann er einfaldlega þess eðlis, að þegar við lifum og störfum með alveg einstæðum persónuleika, svo litríkum og leiftrandi að hann virðist sem ótrúlega sterkur segull í tilverunni, þá spyrjum við ósjálfrátt: Hvernig færi, ef við misstum þennan mann?

Eg veit, að þessi spurning hefir leitað á fleiri en mig. Hinn mikli persónuleiki Ólafs Thors í íslenskri stjórnmalabaráttu — ústu 30 til 40 ára er miklu fastar grópaður í hugskoti almennings en nokkurs annars samtíðar manns — og ég mundi ætla, að sagan eigi eftir að telja hann einn af örfáum ágætustu stjórnmalamönnum þjóðar okkar eftir Jón Sigurðsson.



Ég mun takmarka þessi fátæklegu minningarorð mín við viðhorf mitt til foringjans Ólafs Thors þegar ég ungur hóf lífsstarf mitt undir hans leiðsögn sem erindreki Sjálfstæðisflokksins.

Þá voru miklir umbrotatímur, — önnur heimstýrjöld, endurreisn lýðveldis á Íslandi, nýsköpp un atvinnulífsins og aðdragandi þeirrar öru þróunar í íslensku þjóðlífi, sem síðan hefir orðið. Þessi ár bera í vitundinni míni svip foringja okkar Sjálfstæðismanna, Ólafs Thors. Á þessum árum tengduð tryggðabönd við foringja og sannan vin. Það var gaman að vera ungur Sjálfstæðis maður og hlýta forustu Ólafs. Við ræddum að sjálfsgöðu oft, í okkar hópi, ungu Sjálfstæðismennirnir, mannkosti forystumanna flokksins og það var af miklu að taka. Þarna voru gáfna ljós og glampandi heilar, eins og t.d. Magnús Jónsson prófessor og Jakob Möller. Við vissum að samt sem áður var Ólafur skjót-ráðastur þeirra allra og við viss um þika örugglega, að hann hafði stærsta hjartað.

Það var mikil hátíð hjá okkur þegar við fengum að heiðra hann. Við gerðum hann að heiðursfélaga Heimdallar þegar hann varð fimmtugur og þá átti hann enn eftir að vera fremstur í orra hríðinni í rúm 20 ár.

Þegar lýðveldið var endurreist á Þingvöldum 17. júní 1944, færð um við ungr Sjálfstæðismann Ólafi Thors silfurvikar til minningar um þennan sögulega atburð og í virðingar- og þakklættisskyni fyrir forustu hans í þessu mikla máli. En að okkar dómi voru Ólafur og Bjarni Benediktsson oddvitar á síðasta áfanga þessa máls, þegar margir aðrir góðir menn létu á sér nokkurn bilbug finna.

Ludvíg Hjálmtýsson var þá formaður Heimdallar og man og þegar við fylgdumst með Ólafi frá Oddfellvöld-húsinu, þar sem lýðveldishátíð Heimdallar var haldin, 18. júní 1944 — og heim til hans í Garðastræti, eftir að honum hafði verið afhentur silfurvikarinn. Ólafur tvíhenti bikarinn og stíkaði með hann heim og við Ludvíg fylgdu eftir. Við vissum að þonum var einskisvirði silfrið og áferð þessa gripa. En við fundum til þess með þakklæti að hann naft þess að bikarinn vær barnafullur af virðingu og þökk Sjálfstæðisæskunnar í landinu til foringja síns.



Síðari árin varð samstarf okkar Ólafs Thors enn samstilltara að því leyti að æskan eldist af mér. Urðu mér þá ekki síður

ljósir hinir mætu mannkostir þessa stjórnmálaforingja, og engan veit ég annan, sem meira hefir á þeirri reynt í hretviðri íslenskrar stjórnmálaáttu. Hitt er og ljóst, að heilríkja lék um hann meir en aðra og mun lengi stafa málkildi birtu frá minningunni um þennan mann.

Hann gaf landi sínu allt. Sjálf skæðisflokknum meira en líf og heilsa leyfði. Því er nú þessi öldungur hnigun í valinn og autt er skarð á þingi. —

Jóhann Hafstein.



ÓLAFUR Thors var fæddur í Borgarnesi 19. janúar 1892 og var því tæpra 73 ára að aldri, er hann andaðist síðastliðinn gamlársmorgun. Foreldrar hans voru hjónin Margrét Þorbjörg Kristjánsdóttir, ættuð af Snæfellsnesi, og hinn þjóðkunnni at- hafnamaður Thor Jensen, sem þá var kaupmaður í Borgarnesi. Hann var fæddur í Danmörku, en fluttist ungur að aldri til Íslands, tók ástíðni við land og þjóð og gerðist hinn ágætasti Íslendingur. Með foreldrum sínum fluttist Ólafur frá Borgarnesi til Akraness, þaðan til Hafnarfjarðar og því næst til Reykjavíkur árið 1901. Átti hann hér heima síðan til æviloka.

Leiðir okkar Ólafs Thors lágu fyrst saman fáum árum eftir að hann fluttist til Reykjavíkur. Munum við fyrst hafa hitzt fyrir rúmum 60 árum, er við settumst í 8. bekk barnaskóla Reykjavíkur haustið 1903. Vorum við síðan bekkjarbræður í 5 vetur, unz ég hvarf úr skóla.

Þegar á skólaárum sínum var Ólafur hvers manns hugljúfi, en þó einkum þeirra, er höfðu af honum náin kynni. Bar margt til þess. Hann var kátur, fjór- mikill og gamansamur, dreng- lundaður og góðgjarn. Ekki er unnt að segja, að hann væri kappesamur við nám, en honum var létt um að læra og skilningur hans var frábær. Stærðfræði var honum hugþekkt allra námsgreina og var hann ágætur stærðfræðingur. Komu því þegar á æskuárum greinilega í ljós þeir eiginleikar hans, sem mest bar á til hinztu stundar og stutt hafa að gengi hans og vinsældum með þjóð vorri.

Ólafur Thors hvarf frá námi skömmu eftir að hann varð stu- dent árið 1912 og gerðist þá einn af framkvæmdastjórum H.F. Kveldúls, sem þá var öflugasta útgerðarfrýrtæki landsins á sviði fiskveiða. En brátt hneigð- ist hugur hans að stjórnmálum, og helgaði hann sig þeim alger- lega síðari hluta ævinnar. Mun ekki ofmælt, að hann hafi verið einhver atkvæðamesti stjórnmála maður þjóðar vorrar á síðari ára tugum og jafnframt einn hinn vinsælasti. En um þennan þátt ævistarfs hans ætla ég ekki að ræða, það munu aðrir gera, sem gerr kunna skil á því og eru til þess mér miklu færari.

Bráðlega eftir að við hittumst á bernskuskeiði tókst með okkur náin vinátta, sem hélt æ síðan. Minnst ég margra ánægjulegra samverustunda okkar, bæði á námsárunum og síðar á heimili hans, eftir að hann kvæntist hinni ágætu eiginkonu sinni, Ingibjörgu, dóttur Indriða Ein- arssonar, hagfræðings og skálds. Var hjónaband þeirra hið far- ælasta, og hygg ég að þar hafi aldrei borið skugga á. Hún var stoð og stytta manns síns í blíðu og stríðu allt til hinztu stundar, og veit ég að Ólafur mat ástúð hennar og umhyggju að verð- leikum. Þau eignuðust fimm börn og eru fjögur þeirra á lífi, en einn son misstu þau korn- ungan, hinn efnilegasta dreng. Þau sem lifa eru: Martha, gift Péttri Benediktssyni bankastjóra, Thor kvæntur Stefani Bjarna- dóttur Jónssonar bióstjóra, Ingi- björg, gift Þorsteini Gíslasyni

framkvæmdastjóra, búsetti í New York, og Margrét Þorbjörg, gift Þorsteini Jónssyni flugstjóra.

Að lokum vil ég kveðja þig, kæri vinur og bekkjarbróðir, með einlægu þakklæti fyrir tryggja vinátta, fjólmargar ógleyman- legar samverustundir, holl ráð og margvislegan greiða sem ég hef orðið aðnjótandi af þinni hálfu.

Þið ég svo þér og eftirlifandi ástvinum þínum allra blessunar.

Jón Ásbjörnsson.



ÞEGAR ágætismaðurinn Ólafur Thors er fallinn í valinn og horf- inn yfir tjaldjög mikla, þá gæti verið margt að minnst. Hér skal þó á fátt eitt dregið.

Okkar kunningskapur stóð í 35 ár, og ég held, að mér sé óhætt að segja, að eftir því sem lengur leið for vinátta vaxandi.

Hitt er þó enn vissara, að traust mitt á þessum manni fór alltaf vaxandi við aukin kynni.

Ég hef verið þeirrar skoðunar, að gæfa þjóðarinnar og gæfa Sjálfstæðisflokksins fari saman. Og að Sjálfstæðisflokkurinn er svo stór, sem hann er, og að hann er eini stjórnmálaflokkur landsins, sem aldrei hefir klofnað er í mínum augum því að þakka, öllu öðru fremur, að hann hefir svo lengi notið þess, að eiga slík- an leiðtoga, sem Ólafur Thors var. Að hann var 5 sinnum til þess valinn, að vera forsætisráð- herra Íslands sannar líka aðráttarlaust, að hér var ekki um neina meðalman að ræða. Það sem réði var það, að maðurinn var gæfumaður, og þess vegna sveif gæfa þjóðarinnar jafnan í kringum hann.

Hann bar af öðrum í því, að hann var liprari og slyngari samningamaður, en almennt gerist. Og hann þurfti oft á því að halda innan síns flokks í samningum við aðra flokka, og aðrar þjóðir. Að okkar flokkur á svo mikil ítök í öllum stéttum þessa lands eins og er, sannar að samningarnir þar tókust nokkuð vel. Að Ólafur Thors varð þrisvar sinnum forsætisráðherra í samsteyptstjórn, með öðrum flokkum, gefur hugmynd um samningalípurð hans þar. Og í samningum við aðrar þjóðir tókst honum oft vel. Minnst ég þess tvenns er mestu máli skipti. Í fyrsta lagi þess: að þeir sam- ningar sem honum tókst að gera við Bandaríkjamenn sumarið 1942 um okkar sjálfstæðismál, höfðu meiri þýðingu, en flestir gera sér grein fyrir. Í öðru lagi þess: að samningurinn við Breta um okkar landheigismál byggist meira, en almennt er haldið, á því viðtali, sem Ólafur átti við forsætisráðherra breska stór- veldisins.

Að Ólafur Thors komst svo langt, sem raun varð á, byggðist á vísýni hans, drengskap og góðvilja. Hann var skarpáfaður maður, sem gekk hreint til verks, og hann gerði það oftar en kunn- ugt var, að leggja sína persónu- legu hagsmuni til hliðar til að geta betur unnið að almanna heil. En hann naut þeirrar gæfu, að eiga marga góða menn og mikilhefa, sem stuðningsmenn og samstarfsmenn innan Al- þingis og utan þess, og hann naut þeirrar gæfu, að eiga ágæta eiginkonu. Hún hefir um fjólda ára verið drottning Sjálfstæðis- flokksins, og staðið í því virðu- lega hlutverki með skörungskap og tign. Þess vegna hefir hún verið manni sínum, flokknum og þjóðinni alltaf til góðs, en aldrei til lægingar.


Nú þegar hann er horfinn, flyt ég einlægar þakkir fyrir allt það mikla gagn, sem hann vann fyrir land okkar og þjóð, og fyrir þann drengskap, sem hann sýndi okkur sínum stuðningsmönnum innan þings og utan.

Konu hans og börnum, tengda-

þörnum og öðrum nánustu ást- vinum votta ég einlæga og hjartanlega samúð og hluttek- ningu í sorginni.

Missirinn er sár fyrir alla hina mörgu vini Ólafs Thors. En minningarnar eru hjartar um hann, og nokkur harmabót er það að hugsa til þess, að slíkur maður losnaði þó við það, að liða langvarandi kvalafull veikindi á síðustu stundum síns hárvestar- lífs.

Að lokum vil ég nefna það hér, að hann var einlægur og hklaus aðdáandi okkar heilögu trúarbragða Kristindómsins. Ella hefði hann eigi verið slíkur gæfumaður sem hann var. Og þess vegna getum við öll sem eftir erum glatt okkur við það,



Ólafur Thors, forsætisráðherra Viðreisnarstjórnarinnar, flytur ræðu á Alþingi.

að nú á andi þessa horfna vinar örugga heinkomu í hinum æðra heimi, og í friði og fögnuði með þeim mörgu vinum og ættingi- um, sem á undan eru komnir.

Jón Palmason.



MÉR varð hverft við á gamlár- dagsmorgun, þegar útvarpið til- kynnti andlát vinar míns Ólafs Thors. Hann var svo hress og glaður er ég leit inn til hans og Ingibjargar konu hans kvöld- stund seint á síðastliðnu hausti. Sízt kom mér í hug, að þetta væri okkar síðustu samfundir. Við höfðum svo margs að minn- ast frá liðnum dögum, og sam- verustundin var fljót að liða. Við þessa dánarfregn velta fram í hugann svo margar minningar að ég veit tæplega hvar ég á að bera niður í stuttri minningargrein. Það eru nú nokkuð yfir 40 ár síðan kynni okkar Ólafs hófust að nokkru ráði. Hann var þá ekki enn setlur á þingbekk, en mér og ýmsum öðrum varð fljót- lega ljóst að hann var uppremn- andi þingmannsefni og foringi. Fyrir okkur þáverandi yngstu þingmennina var hann oft eins og hressandi stormsvæpur sem reif okkur með sér með rökfimi sinni, æskufjöri og glæsibrag, og varð í okkar augum sjálfkjörið foringjaefni er fram liðu stund- ir. Við dáðumst að skýrleik hans, skjótum viðbrögðum í kappæð- um og drengilegri framkomu. Ólafur var ekki kominn á þing, er íhaldsflokkurinn var stofn- aður, en mun hafa unnið að því bak við tjöldin. Nokkru síðar átti hann mikinn þátt í því að sameina hann og leifarnar af

gamla Sjálfstæðisflokknum í einn flokk undir nafni Sjálfstæð- isflokksins. Þegar ég minnst þessara atburða eftir öll þessi ár, þá finnst mér það nálgast krafta verk, hve vel þessi flokksmynd- un heppnaðist, þegar þess er gætt að að henni stóðu menn úr öllum flokkum. Með þess höfðu sprengt af sér önnur flokksbönd, og staðið innbyrðis á öndverðum meði, skapmiklir menn og mikil hæfir, og vanir því að fara sjálf- ir sínar eigin götur. Þetta brota- silfur átti nú að bræða saman í einn sterkan flokk, og byggja upp alla starfsemi hans frá grunni. Þetta mikla og vanda- sama verkefni eða forstaða þess kom fyrst og fremst í hlut þriggja ágætismaþna, Jóns Þor-

Thors, andaðist á gamlársmorgun.

Við fráfall hans syrgir öll þjóð in hinn ágæta mann, sem öllum vildi vel og tókst öðrum fremur öll vandamál að leysa. Fyrir okkur Sjálfstæðisfólk var hann mikill foringi, sem allir tóku til- lit til og við munum lengi minn- ast með virðingu.

Fyrir hönd Sjálfstæðiskvenna- félagsins Hvatar, vil ég þakka hinum látna foringja fyrir öll störf hans í þágu þess.

Ólafur Thors var svo mikill Íslendingur að af bar. Er ég heyrði hann tala um málefni sett jarðarinnar, kom mér oft í hug annar maður, sem mér fannst hans jafningi á því sviði, en það var Jón biskup Arason á Hólum.

Í þessari miklu þjóðarsorg, er það bezt, sem við Sjálfstæðis- fólk í Reykjavík og annarsstaðar á landinu, ekki sízt í Reykjanes- kjördæmi, þar sem hann var svo lengi þingmaður, getum gert, er að vinna áfram að málefnum þjóðarinnar í hans anda.

„Forildarlaust hann fósturjörðu unni, sem móður mögur hinn beztí því unni hann öllum, er unnu fósturjörð og sýndu sig hennar sonu dugandi.“

B. Th.

Áður en ég lýk þessum smáu fátæklegu línun minum, vil ég einnig þakka hinni ágætu konu hans, frú Ingibjörgu Thors, öll þau störf, sem hún hefir innt af hendi með manni sínum, fyrir land og þjóð og sendi ég henni, börnum þeirra hjóna og tengda- börnum og ættingjum, minar hjartanlegustu samúðarkveðjur og bið þeim blessunar Guðs.

Maria B. P. Maack.



ÓLAFUR Thors er látinn. Með honum er genginn mikill dreng- skaparmaður og veit ég, að marg- ur saknar nú vinar í stað.

Fyrir rúmum fimm árum, lágu leiðir okkar Ólafs saman, til nán- arri kynna en verið hafði.

Ég hafði þá bæzt í hóp þeirra sjálfstæðismaþna, sem freistuðu þess að ná kjörfylgi til þingsetu. Næsti nágranni minn af flokks- bræðrum mínum var einmitt for- ingi okkar, Ólafur Thors, sem þá hafði haft á hendi þing- mennsku fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu kjördæmi í þrjá og hálfan áratug.

Að breytti kjördæmaskipan urðu kynni okkar sem þing- manna Sjálfstæðisflokksins í Reykjaneskjördæmi enn nánari. Ég minnst þess ævinlega, er framboð mitt var ákveðið, þegar Ólafur hrngdi til mín til þess að bjóða mig velkominn í hóp- inn og hóf að ræða við mig um væntanlegt samstarf okkar.

Allt frá þeirri stundu til þess síðasta, sem við ræddum sam- eiginleg vandamál, vorum við félagar og vinir.

Við tilheyrðum hins vegar sitt hvorri kynsiðönni. Ef til vill þess vegna töluðum við stundum saman, sem meira en vinir, enda átti hann auð- veldara með en margur annar að miðla öðrum af þeim yfir- burðar hæfileikum og reynslu, sem hann bjó yfir.

Ég tel það mikla gæfu fyrir mig að hafa fengið tækifæri til þess að hefja þátttöku mína í stjórnmálum í svo nánun og ein- lægu samstarfi við Ólaf Thors og raun varð á, ekki aðeins vegna stjórnmálhæfileika hans, heldur einnig og ekki hvað sízt sakir hans miklu mannkosta, sem þekktir voru af alþjóð.

Ólafur Thors var með afbrigð- um vinsæll maður. Vinsældir hans náðu langt út yfir raðir samherja hans í stjórnmálum.

Sjálfsgat hafa menn þar ýms- ar skýringar, sem eru réttar og Framhald á næstu síðu.

Jón Sigurðsson frá Reynistað.



MÆTUR og ástæll foringi, fyrr- verandi forsætisráðherra, Ólafur

sannar, en hvergi held ég að við fáum réttari skýringar eða sannari en hjá íbúum kjördæmis hans, Reykjaneskjördæmis.

Hann valdist ungur til þingmennsku fyrir þá og reyndist þeim þannig, að hvar sem komið er í Reykjaneskjördæmi er hans minnt fyrir hjálpsísi og trygglyndi samfara stórhug og bjartsýni til athafna, glæsileik og óvenjulega stjórnáhalæfileika.

Þegar nú Ólafur er allur, færi ég honum þakkir og blessun þess fólks, sem hann starfaði svo lengi fyrir.

Persónulega þakka ég honum samfylgdina, sem því miður var svo stutt, en verður mér hins vegar ómetanleg.

Við vottum eiginkonu hans, frú Ingibjörgu og fjölskyldu hennar, samúð okkar og biðjum góðan Guð að gefa þeim styrk í sorg sinni.

Við minnumst Ólafs Thors og þjóðin mun jafnan telja hann einn af sínum beztu og mestu sonum og varðveitir minningu hans með þakklæti um ókomna tíma.

Matthías Á. Mathiesen.



ÞEGAR Ólafur Thors var í fyrsta sinn kosinn til Alþingis 1925, var það við aukakosningar í Gullbringu- og Kjósarsýslu ásamt Hafnarfirði, sem þá var eitt tvinningkjördæmi. Kjósa skyldi annan tveggja þingmanna kjördæmisins. Tveir frambjóðendur voru í kjöri, Ólafur Thors fyrir íhaldsflokkinn en Haraldur Guðmundsson fyrir Alþýðuflokkinn.

Þá var samgöngumálum þannig háttað hér í kjördæminu sem annarsstaðar á landinu að hestar voru aðal farkostur manna á landi en skip og bátar með ströndum fram.

Þegar þeir Ólafur og Haraldur héldu framboðsfund á Reynivöllum í Kjósarhreppi, völdu þeir sjóleiðina inn Hvalfjörð á motorbát og tóku land í Hvalsnesi við Maríuhöfn, fengu síðan hesta frá sjó á fundarstað.

Mikið orð fór af orðsníld og ræðumennsku beggja hinna ungu manna.

Ekki var þó Kjósverjum erfitt valið á kjörstað, svo gæfulegur leizt þeim Ólafur Thors við fyrstu sýn, enda varð kosningasigur hans stórglæsilegur.

Þetta var mikil happakosning fyrir kjördæmið. Í nærfelt 40 ár bjó það að óviðjafnanlegum starfskröftum Ólafs Thors sem þingmanns og áhrifamanns í Íslenzku þjóðlífi, og ótaldir munu þeir einstaklingar í kjördæminu, sem nutu drengskapar hans og vinfengis á marga lund.

Tvær æskuminningar mér hugstæðar vil ég festa hér á blaði. Aðra frá þeirri stund er ég fyrst að Ólaf Thors.

Einn sólfagra sumardag kom hann í hlað hér á Neðra-Hálsi, hleypanði fannhvítum fjörgammi, stökk af baki stæltur og limur áður en sprettinum linnit og kom hlaupandi við síðu hestsins síðustu sporin til okkar nokk verra ungmenna sem þar vorum að leika og heilsaði okkur með hlýlegri gamansemi. Ég varð allveg hugfanginn af hestamennskuþrótt komumanns og allri framkomu.

Þegar hann svo reyndist vera þingmaður kjördæmisins var mínu atkvæði ráðstafað löngu áður en kosningaaðri var náð.

Hin minningin er frá mannfagnaði að Reynivöllum. Ólafur hafði verið beðinn að halda þar ópolitíska ræðu og mun hafa gert það með mikilli þryði. Það sem bezt festist í huga mér var að með honum var kona hans ung og glæsileg Ingibjörg Indriðadóttir sem hann kynnti fyrir samkomugestum með þeirri hrifni í málhrein og fasi að ekki dulkdist, að hann taldi það sinn mesta kosningasigur er hún



ÓLAFUR THORS

kaus að ganga með honum ókannaða lífsbraut þeirra. Vissulega á hún sinn góða þátt í að sú braut er nú vörðud mörgum stórum sigrum í þágu lands og þjóðar.

Góður drengur er genginn. Garpur hniginn að foldu. Ég þakka Guði fyrir hans líf og starf og huggjúf persónuleg kynni, sem helgast í minningunni.

Konu hans, frú Ingibjörgu og öðrum ástvinum tjal ég mína innilegustu samúð.

Oddur Andrésen,
Neðra-Hálsi.



Þú stóðst svo sannur með silfurhár sem sigrandi tákn á verði, en ert nú borinn til baka nár, og bregður ei oftast sverði.

M. Joch.
SÍÐUSTU daga nýliðins ársgergu yfir landnám Ingólfs hörð veður með miklu ofvæðri og snjógangi, svo vegir teptust, rafmagnslínur sleit niður, ljós og hiti hvarf.

Á gamlársdagsmorgun, barst mér simleiðis sú harmafregn, að vinur okkar Ólafur Thors, alþingismaður og fyrrv. forsætisráðherra, hefði látist þá um morguninn. Sú fregn jók á kuldann, og jafnvel myrkrið varð svartara þótt tekið væri að lýsa af degi.

Þessa merka og mikilhæfa drengskaparmanns, sem verið hefir nær 40 ár alþingismaður okkar, sem búsett erum í Kjalarnesþingi, vil ég minnst með nokkrum orðum.

Þegar hinn mæti maður Agúst Flygenring, Hafnarfirði, lét af þingstórfum árið 1925, var Ólafur Thors kosinn þingmaður. Ég man vel þá tíma. Kjördæmið var talið eftirsóknarvert fyrir þá, er ætluðu sér að vinna að stjórnáhalæfileika, enda höfðu valizt þangað þjóðnýtir menn, sem síðar urðu þingskórungar.

Fljótt spurðist að ýmsum léki hugur á, að ná kosningu í Gullbr.- og Kjósarsýslu og væru þar á meðal fyrrv. þingmaður og landskjörinn þingmaður. Var nokkurt þóf meðal manna, en brátt hreinsaðist andrúmsloftið og Ólafur Thors virtist hafa mest fylgi þeirra sem létu til sín heyra innan íhaldsflokksins og bauð hann sig fram. Varð nú nokkurt hnúttakast til þeirra

manna, sem sagt var, að hefðu mest unnið að þessu framboði og ýmsu varpað fram og deilt um, þar á meðal aldur frambjóðandans, sem var 33 ára.

En síðan kom fram mótframbjóðandi, Haraldur Guðmundsson síðar ráðherra, er var nokkru yngri.

Þá er mér minnstætt hve kosningafundirnir voru vel sóttir, frambjóðendurnir mælsku, rökfimir í ræðum sínum og sýndu mikla háttvísi. Vakti það undrun fundarmanna, vegna þess að umræðuefnið var stjórnáhalæfileika og verið var að kjósa alþingismann.

Síðan hefur Ólafur Thors verið þingmaður Gullbr.- og Kjósarsýslu og 1. þingm. Reykjaneskjördæmis síðan 1959, forsætisráðherra 5 sinnum, og 4 sinnum ráðherra í ráðuneyti annarra forsætisráðherra.

Við eldri mennirnir þurfum ekki að kvarta yfir þeim hnúttum, er áður fyrr var til okkar beint, enda var það ekki þess vert, heldur getum við glaðzt yfir þeim hyggindum og fram-sýni að styðja þann mann til þings, sem þrátt fyrir harðar ðeitur um málefni lands og þjóðar á mörgum undanförunum árum hefur hlotið almenningslof fyrir frábæran drengskap, mikilhæfni í málefnaflutningi og viturlegar tillögur um málefni lands vors.

Margir eru þeir, er leitað hafa til Ólafs Thors um úrlausn í vandamáum sínum. Þá var oft sem engu væri lofað, en því meir hlustað. Þó kom eigi að síður góð lausn. Ólafur Thors var alþýðunnar maður og gerði fólki greiða, hvar í flokki sem það stóð, ef þess var nokkur kostur.

Ólafur Thors var sonur þeirra landskunnna hjóna og mikla athafnamanns Thors Jensens og konu hans Margrétar Þorbjargar Kristjánsdóttur bónda í Hraunhöfn í Staðarsveit og var hún af göðum bændaeittum.

Thor Jensen hóf búskap á Sel tjarnarnesi. Keypti síðan Korpúlfsstaði, Lambhaga, Lágafell, Varmá í Mosfellshreppi, Arnarholt í Kjalarneshreppi og Þorlákstaði í Kjósarhreppi. Um tíma ræk hann búskap í Bjarnarhöfn. Á sumrin dvældist Ólafur Thors í sveit á yngri árum eins og í Hjarðarholti í Dölum og víðar. Hafði Ólafur Thors því mikil kynni af störfum bændafólksins og landbúnaði. Hann virti bænd

ur vel, taldi nauðsyn að efla ræktun landsins og bæta aðstöðu alla við ræktun bustofnsins. Má hiklaust telja, að Ólafur Thors var einn af öflugustu vinum og stuðningsmönnum bænda á Alþingi.

Ég minnst gleðistunda, að efloknum fundum, á heimili þeirra ágætu hjóna frú Ingibjargar og Ólafs Thors. Bæði voru þau samhent í því að gleðja gesti og láta þeim líða vel. Vil ég þakka frú Ingibjörgu hennar ágæta hlut í þeim móttökum og bið Guð að styrkja hana, börn þeirra og ættingja á þessari miklu sorgarstundu.

Hinum látna skal enn þakkað gæfurikt starf í þágu lands og þjóðar.

Blessuð sé minning hans.
Ólafur Bjarnason,
Brautarholti.



UNGUR kynntist ég Ólafi Thors, og vinátta hélt með okkur alltaf síðan, þó fundum okkar bæri sjaldnar saman hin síðari árin vegna anna hans og umsvifa í stjórnáhalæfileika. Ytri glæsileiki Ólafs Thors var öllum kunnur. Í fasi minnti hann helzt á Hannes Hafstein. Hið innra var manngöfgi hans og velvild til allra mest áberandi. Í minum augum átti hann engan sinn líka hvað skörungsskap og forustuhæfileika snerti. Mér fannst sem tign og hejðrikja væri jafnan í fylgd með hinum mikla og góða manni, sem öll þjóðin saknar nú sárt, en mun lengstum minnst sem eins hins merkasta og mikilhæfasta Íslendinga á þessari öld.

Páll Ísólsson.



ÍSLENZKA þjóðin á við nýliðin áramót á bak að sjá einum sinna mikilhæfu forystumanna, leiðandi forystumanni í atvinnulífi þjóðarinnar og í stjórnáhalæfileika landsins um 40 ára skeið.

Ólafur Thors, fyrrverandi forsætisráðherra er horfinn af sjónarsviðinu, — kominn heim. Við sjáum hann eigi framar í stórvíðri og stormum þjóðmálabaráttunnar, þar sem öldur risa og falla á víxl.

Samtíðin er jafnan gagnrýnin á orð og gjörðir þeirra, sem framarlega standa í stjórnáhalæfileika þessa lands, svo hefur verið frá fyrstu tíð í sögu landsins.

Þó markmiðin séu hin sömu, að skapa fámennri þjóð velmegun og hamingju í erfiðu og strjál býlu landi, greinir oft á um, hverjar leiðir skuli farnar til að ná því marki. Hér mun það ásannast að leiðarlökum Ólafs Thors sem stjórnáhalæfileika og foringja, að allir, sem þekktu, viðurkenna nú þegar, að hann hafi jafnan öðrum fremur haft hæfileika til að milda og lægja hin miklu veður stjórnáhalæfileika, þegar ríka nauðsyn bar til að þjóðin stæði saman. Þeir, sem bera gæfu til að sameina sundurleita krafta þjóðar, sem öðrum þjóðum fremur er nauðsyn á, að standi saman, hljóta í framtíðinni þann dóm sögunnar, að þeir hafi verið forverjendur lands og þjóðar, fyrst og fremst vegna þess, að þeir settu ofar öllu dægurprasi velferð og heill þjóðar sinnar. Þau eftirmæli geymri sagan Ólafi Thors.

Ólafur Thors var að sett afkomandi tveggja þjóða — en hann var í lífi sínu og störfum sonur einnar þjóðar — sonur Íslands.

Pálmi Einarsson.



ÓLAFUR Thors, fyrrverandi forsætisráðherra, er horfinn af sjónarsviðinu.

Þar eigum vér Íslendingar á

bak að sjá miklum stjórnáhalæfileika og foringja, sem markaði djúp spor í þjóðlífi voru um sína daga.

Við fregnina um lát þessa vinar míns, ritjast upp í huga mínum margar ljúfar og hugstæðar endurminningar um langt og margþætt samstarf við þennan göfuga og mikilhæfa forustumann. Kunningsskapur okkar og samvinna á sér langa sögu. Við áttum sæti saman á Alþingi nokkuð á fjórða áratug og samstarfi okkar var engan vegna lokið þó ég léti af þingmennsku. Við fyrstu kynni á Alþingi tókst með okkur Ólafi Thors góður kunningsskapur sem er fram líðu stundir leiddi til þeirrar vináttu okkar í milli, sem aldrei bar skugga á. Þótt það bæri að vistu eigi allsaldan við að sitt sýndist hvorum um afstöðu til vissra mála og malaflokka og hvor færi þar sína leið og að á ytra borðinu risu í því sambandi nokkrir ufar okkar í milli, þá náði það aldrei til þess kjarna sáttar og samlyndis sem innifyrir þjó. Tryggð og vinátta Ólafs Thors var örjúfanleg og gat engum manni nokkru sinni úr minni líðið er hennar hafði orðið aðnjótandi. Birtust í því efni, sem á svo fjölmörgum öðrum sviðum þeir yfirburðshæfileikar og mannkostir, sem honum voru í blóð bornir.

Það var þó skavænlegt og ánægjulegt að starfa með Ólafi Thors og undir forustu hans. Hann var í hvívetna bjartsýna hugsjónamaður. Gustmikill stórhugur hans var jafnan sterk og áhrifamikil hvatning til fram-taks alls starfs og athafna, áðáða og drengskapar. Þessara áhrifa gætti langt út fyrir raðir þess fólks er skipaði þann stjórnáhalæfileika, sem falið hafði Ólafi Thors forustu sinna mála.

Það var með arnsög í flugnum sem Ólafur Thors gekk að flokks foringjastarfi sínu.

Ólafur Thors sá í anda bjartar sýnir, sem fólu í sér nýja möguleika um stórstígar og skjótar framfarir á landi hér, sem þá höfðu ekki tyllt tá á fasta grund í raunveruleikaheimi lands vors. Boðskapur hans var að þessar sýnir skyldum vér íklæða holdi og blóði og beina framtaki voru að nýtssemi þessarar þróunar. Bjartsýni af þessu tagi fær stundum þá dóma að þetta séu hugarórar, skýjaborgir og svipmyndir, sem brugðist er upp, og hverfi jafn harðan aftur út í geiminn með eldingarhraða. En hugsjónir og bjartsýni Ólafs Thors, sigldu jafnan framhjá slíkum boðum og blindskerjum hleypidóma. Sannfæringarkraftur hans samfara sérstæðum aðlöðunarhæfileika átti opin aðgang að hugskoti fólksins og féll þar í góðan jarðveg, enda átti Ólafur Thors því láni að fagna í lifanda lífi að sjá margar þessara hugsjóna sinna rætast til gagns og blessunar þjóð vorri.

Óbifanleg trú Ólafs Thors á landið, vöxt og þroska þjóðar vorrar, var vígður þáttur í öllu lífsstarfi hans.

Ólafur Thors var það fullkomill alvöru og hjartans mál, að frelsi og sjálfstæði lands vors væri sá lífsteinn, sem einn geti grætt öll vor sár. En grundvöllur frelsisins væri fjárhagslegt og andlegt sjálfstæði þjóðar vorrar.

Af þessu mættum vér aldrei missa sjónar. Það væri köllun vor og skylda að styrkja þennan grundvöll, það yrðum vér jafnan að hafa hugfast. Í því fælist á öllum tímum uppfylling hugsjóna vorra um farsæld af endurheimt frelsis og sjálfstæðis.

Eftir fullveldistöku og það að Íslendingar gerðust aðilar að Norðurlanda- og alþjóðaráðstefnum mætti Ólafur Thors þar oft fyrir vora hönd ávallt til gagns og sóma þjóð vorri. Hefur Íslendingum nú við lát hans borizt

Framhald á bls. 17

Framh. af bls. 12

viðurkenning frá erlendum þjóðhöfðingjum á því hve góður og farsæll fulltrúi lands síns hann hafi verið á þessum ráðstefnum. Ólafur Thors vann að því með ráði og dád, bæði innan lands og utan, að Íslendingar gætu jafnan borið höfuð hátt í viðskiptum og öðru samstarfi við aðrar þjóðir.

Sterkur þáttur í gáfnafari Ólafs Thors var skarpskyggni hans. Kom þetta mjög glögg fram í því, hve fljótur hann var að átta sig á þeim öru breytingum í atvinnuháttum, verzlun og viðskiptum, sem segja mátti að væru daglegir viðburðir um hans daga. Kom okkur samstarfsmönnum hans stundum á óvart, hve gaumgæfilega hann hafði á skömmum tíma krufið til mergjar hvernig byggingast og affarasælast myndi að mæta þeirri nýju þróun. Reynslan hefur síðan sýnt að á frumstigi þessara mála ymissa sá Ólafur Thors öðrum fyrr og betur hvað best mundi henta, jafnframt því sem hann gerði sér réttlæga grein fyrir gildi þess, að hér væri í upphafi stefnt til réttar áttar.

Ólafur Thors hafði sem kunnugt er beint á atvinnusviðinu starfi sínu að útgerð og fiskisölu- málum. Átti hann ásamt föður sínum og bræðrum virkan þátt í skjótri þróun botnvörpuútgerðar hér á landi, en þær veiðar tóku við af handfæraveiðum á þilskipum, sem þá voru úreltar orðnar. Jafnan var Ólafur Thors mikill áhugamaður um framfarir í fiskveiðum og öllu því sem að þeim veiðum lýtur, og glögg- skyggn mjög á þá hluti. En áhugi hans á framförum í landbúnaðinum var engu minni þótt minna léti hann þar opinberlega til sín taka. Það var al- kunnugt að Ólafur Thors unni landbúnaðinum og hugsaði mikið um það að hann héldi fulllega í horfi við aðrar atvinnugreinar í tæknilegum framförum. Ólafur Thors hafði sterka trú á framtíð landbúnaðarins og taldi það þjóðhagslega nauðsyn að hann héldi velli og tæki framförum og að einskis mætti láta ófrestað til þess að styrkja hann að tækni- búnaði og áhuga manna á starf- inu, og að búa yfirleitt svo að honum, að þeir sem þar vinna gætu ónað glaðir við sitt. Ólafur Thors hafði lengi hugleitt hvað það væri á verklegu sviði, sem að bestu haldi kæmi fyrir land- búnaðinn. Er það nú komið á dag inn, að ýmislegt af því sem Ólafur Thors hafði fyrir löngu hug- boð um að léttu mundi þar störf- in, er orðinn virkur þáttur í rekstri þessa atvinnuvegar og styrkir í ríku mæli aðstöðu hans. „Landið eignum ver sjálfir“, sagði Ólafur Thors, „og þar eigum vér ekki við nein erlend öfl að etja, nema á viðskiptasviðinu. Það sem á brestur nú yvers tækn in þegar fram líða stundir í hönd um dugmikillar bændaáttar“.

Sterkasti þátturinn í flokks- foringjahæfni Ólafs Thors var það, að hann var boðberi frjáls- lyndrar og víðsýnnar stjórnmála- stefnu, sem í fari hans var studd af drengskap og heilindum. Með þetta að leiðarsteini tókst honum að skipa sess stærsta og áhrifa- rikasta flokksforingja lands vors. Og með þessum hætti stjórnaði hann og styrkti stærsta stjórnmálaflokkinn í landinu, Sjálf- stæðisflokkinn. Og af sama toga var það spunnið, að Ólafi tókst, þegar mikið lá við, að leiða til samstarfs við Sjálfstæðisflokk- inn aðra flokka, þótt á öndverð- um meiddi væru um margt í stjórnmálum. Allt þetta var votum samstarfshæfileika Ólafs Thors og hvað mikið getur á því oltið í stjórnmálalífinu að hafa slíkan mann í fararbroddi.

Ólafur Thors var mikill mála- fylgjumaður og harðsækinn bar- áttumaður fyrir málefnum flokks síns. Það kom fyrir, að hann við slík tækifæri sendi andstæðing- um sínum beittar örvar og krydd aði mál sitt með gamanyrdum. Gat þeim, er eigi þekktu Ólaf Thors nokkuð gjör, orðið það á að leggja honum þetta út til létt- úðar og alvöruleysis. En það var víðs fjarri að þessu væri þannig varið. Að baki þessa yfirborðs stóð raunsær alvörumaður, sem gæddur var strangri réttlætis- og sanngirniskennnd, sem engum manni vildi gera rangt til, en hafði öllu öðru ofar í huga að beita ræðutækni sinni heiðarlega og taldi að með þeim hætti bæri hann úr bytum beztan árangur til framgangs góðum málstað. Þótt Ólafur Thors væri mikill baráttumaður fyrir flokk sinn, braut hann aldrei brýr að baki sér og átti eftir sem áður aftur- kvæmt til samstarfs við andstæð- inga sína, ef svo þar undir, enda var það svo, að þau tengsl, sem ofin voru milli Ólafs Thors og samstarfsmanna hans í hvaða flokki sem þeir voru, rofnuðu aldrei til fulls, þótt mikið reyndi á. —

Ólafur Thors var mikill manna- sættir og má segja að það hafi verið þriðji aðalþátturinn í því, hve vel hann var til foringja fall- inn. Engum manni hef ég kynnt, sem komið gæti í námunda við Ólaf Thors um hæfni við að setja niður deilur manna. Honum virt- ist vera það leikandi list, að jafna alla þverbresti í því efni, og það varanlega. Kom þetta sér vel, því oft urðu viðsjár í þessu efni á vegi hans á hálum brautum stjórnmálanna, bæði í hans eigin flokki og samstarfi við aðra flokka.

Eitt er það enn af mörgu, sem ótalið er og styrkti mjög forustu- hæfni Ólafs Thors í flokksfor- ingjastöðu hans, á Alþingi og í ríkisstjórn, það er hvað hann var úrræðagóður þegar vanda þar að höndum og til skjótra úrræða þurfti að grípa, þannig að þeirri hættu sem yfirvoðli yrði afstýrt. Aldrei kom ráðsnilld Ólafs Thors betur í ljós en þegar hann stóð í slíkum sporum. Eigi minnst ég þess, að Ólafi Thors bryggðist í þessu efni nokkra sinni bogalist- in.

Ég hef hér að framan brugðið upp nokkrum svipmyndum af pólitísku starfi Ólafs Thors, og á uppistaða þeirra frásagna rætur að rekja til náinna kynna minna af starfsháttum hans og starfs- hæfni. Það er auðsætt mál að það er engin tilviljun að Ólafur Thors skipaði um áratuga skeið sæti stærsta, rismesta og farsæl- asta stjórnmálaleiðtoga þjóðar vorrar á þessari öld. Segja má að undir merki hans og leiðsögu hafi verið stigin stærstu fram- faraspor í sögu þjóðar vorrar frá öndverðu. En það er fleira í fari Ólafs Thors, en þróttmikil til- þrif hans á stjórnmálavíðinu og stjórnmálaáhrif hans, sem vert er að minnst á.

Ólafur Thors var mikill manna- áarmaður. Gófugmennska hans og brjóstgæði snart viðkvæma strengi í brjósti hvers manns er af honum hafði kynni. Hann mátti ekkert aumt sjá, og vildi hvers manns vandræði leysa með ráði og dád, og var í því efni ósár á að miðla fé úr eigin sjóði. Ólafur Thors var í kunningja- hópi hrókur alls fagnaðar. Andlit hans, sem markað var skörpum dráttum, ljómaði við slík tækifæri af gleði og ánægju. Og Ólafur Thors hafði á slíkum mótum gleði og fagnaðar fleira til brunns að bera, en vingjarnlegt bros og hlýtt handtak. Hann var frábær tækifærissæðumaður. — Hefur tæðusnilld hans af slíku tagi gert mörgum glatt í geði um dagana. Hugkvæmnin, fyndnin og mælsk- an lá honum þá svo létt á tungu, að sönn unun var á að hlýða. Það var engu líkara en að mælsk- an og gamansemín léki bezt á als oddi hjá honum, þegar það kom að honum alveg að övörum að hann þurfti að slá á þessa strengi.

Ólafur Thors var gæfu- maður. En stærsta gæfa hans í lífinu var það, hvað hann átti góða konu, konu, sem bjó honum og börnum þeirra gott og frið- sælt heimili, sem var Ólafi Thors sannur helgireitur. Kona hans, Ingibjörg Thors, Indriðadóttir skálds og hagfræðings Einarssonar, er mikil mannkostakona og góðum gáfum gædd. Bar hún með manni sínum hita og þunga starfs ins í daglegri önn, og kunní Ólafur Thors sjálfur bezt að meta það athvarf sem honum var jafnan búið í skauti hennar. Þau hjón in eiga á lífi 4 börn, 3 dætur og 1 son.

Ég, sem þessar línur rita, minnst ávallt margra góðra og glaðra stunda á hinu gestrigna og friðsæla heimili þeirra hjóna. Ég átti því láni að fagna að vera þar tíður gestur og mátti í raun- inni segja að það væri á löngu skeiði ævi minnar, mitt annað heimili. Þessar minningar eru ó- afmáanlega mótaðar í sál mína og sinni. Ég drúpi höfði við brott- för Ólafs Thors, mins góða vinar, úr þessum heimi, og sendi hon- um mínar hinztu kveðjur. Konu hans, börnum og vandamönn- um votta ég samuð mína um leið og ég árna þeim allra heilla og blessunar.

Pétur Ottesen.



ÞEGAR vinir og aðdáendur hins mæta og mikilhæfa stjórnmála- foringja Ólafs Thors, kveðja hann í dag, kemur hverjum og einum það fyrst í huga, sem hon- um er hjartkólnast á slíkri kveðjustund.

Þegar ég tók við formennsku fyrir nokkrum árum í þeim sam- tókum sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði, sem að Sjómanna- deginum standa, og kynnti mér sögu þeirra og starfsemi bæði af rituðum heimildum og viðtölum við þá, sem að baráttumálum dagsins hafa unnið, þá kynntist ég vel þeim hug er þessir aðilar báru til Ólafs og það ekki að ástæðulausu.

Frá upphafi þessara samtaka reyndist hann sannur velunnari þeirra mála, sem samtök þessi hafa barizt fyrir. Hann kom oft fram á Sjómanna daginn sem ræðumaður, bæði sem fulltrúi út- gerðarmanna og sem ráðherra.

Óvist er, hvernig áfram hefði miðað í stærsta átaki þessara samtaka — byggingu Dvalar- heimilis aldraðra sjómanna — Hrafnistu, ef krafta Ólafs hefði ekki notið við.

Sú framkvæmd var honum hjartfólginn enda studdi hann hana með ráðum og dád. Hann vildi gömlu sjómönnum vel og mun, eins og aðrir eigendur Kveldúlfs, hafa átt sinn þátt í þeim höfðinglegu gjöfum, sem bárust frá þeim til Hrafnistu á fyrstu uppbyggingarárunum.

Og síðasta samtalið, sem ég átti við Ólaf í þessu lífi, var í sambandi við ósk hans um það, að einn af hinum gömlu togarásjómonnum fengi vist að Hrafnistu.

Sú umhyggja og áhugi er Ólafur sýndi þessu máli og t.d. menntunarmálum sjómanna var metinn að verðleikum. Hann hlaut fyrstur manna æðstu við- urkenningu, sem Sjómanna dag- urinn getur látið í té — gull- merki dagsins —, en þau hafa aðeins þrjú menn hlotið á þeim 28 árum, sem dagurinn hefur verið hátíðlegur haldinn.

Persónuleg kynni okkar Ólafs urðu ekki löng, en samt finnst mér ég hafa þekkt hann náið allt mitt líf.

Frá því á barnsáldri á ég minningar um hinn ötula og oft harðsækna stjórnmálaman, sem kom á heimili foreldra minna í Keflavík.

Á unglingsárum mínum og fyrstu fullorðinsárum á ég hug- þekktur minningar um hann, frá

starfinu innan Sjálfstæðisflokks- ins, þar sem Ólafur kom svo oft fram sem hinn ágæti ræðumað- ur, með veluppbyggðar ræður, sem honum tókst alltaf að blanda þeirri kimni og léttleika, sem honum var svo eiginlegt.

En kærustu minningarnar um Ólaf á ég úr þingflokki Sjálf- stæðisflokksins. Þá kynntist ég fyrst víðsýni hans og glögg- skyggni, sem hvoru tveggja var ávöxtur reynslu hins þroskaða stjórnmálaman, ásamt með- fæddum foringja eiginleikum, sem ekki síst komu fram í hæfi- leika hans til að sameina hin ólíku sjónarmið og hagsmuni til sameiginlegra átaka landi og þjóð til blessunar.

Fyrir þessi kynni mín, frygg- lyndi hans og vináttu við okkur hjónin og fjölskyldur okkar beggja, flyt ég honum þakkir.

Ég flyt eiginkonu hans og börnum innlegustu samúðar- kveðjur.

Minning hans lífi.

Pétur Sigurðsson.



ÓLAFUR Thors er látinn, ég sakna hans. Aldrei hefur betri Íslendingur horfið okkur sjón- um. Guð blessi minningu hans og allra nánustu.

Sigurður Halldórsson á Akranesi



ÞÓ AÐ ég vissi talsverð deili á Ólafi Thors um mjög langt ára- bil, öllu aðstæður og atvik því, að kynni okkar voru slitrótt. Samt var hann mér hugstæður, umhugsunarefni, og þá fremur maðurinn en stjórnmálaforing- inn. Í þessum línur langar mig einungis til þess að slá fram einni athugun, sem kann að þykja fjarstæða, öflugmæli. Ef hún er eintóm missýning, þer hún því að minnsta kosti vitni, hversu misjafnlega þessi merki legi maður gat komið samtíðar- mönnum sínum fyrir sjónir.

Ólafur Thors hafði óvenjulega mannheill og merka af þeim, sem þekktu hann bezt. Hann gat líka náð sterkum tókum í stuttri sam- veru, þegar hann beitti sér, en auk þess virtist honum yfirleitt lagið að umgangast fólk, vera léttur í máli og skemmtilegur. Samt er það trúá min, að sumt af því, sem ókunnugum fannst liggja mest í augum uppi, hafi verið tamning, sjálfsgafi, — hann hafi í aðra röndina verið að eðlis fari dulur, hlédægur og jafnvel feiminn. Ekkert var honum til að mynda fjær skapi en bera utan á sér, hver alvörumaður og starfsmaður hann var í raun og veru. Alkunnugt er, hvernig hann sneiddi hjá veizluhöldum og innantómu samkvæmislífi. Þótt hann gæti verið gleðimað- ur, þegar út í slíkt var komið, var honum margmenni óskap- fellt. Menn gátu misskilið, hvað hann lét fjúka, þegar hann var að verja sig fyrir fólki. En það var aðeins gervi, sem átti ekk- ert skylt við kjarnann.

Sigurður Nordal.



ÓLAFUR Thors fyrrv. forsætis- ráðherra er látinn, sjótiú og tveggja ára að aldri.

Þar hefir gengið fyrir ætternis- stapa einhver allra helzti stjórnmálaforingi vor Íslendinga, eftir að hafa stýrt stærsta stjórnmála- flokki þjóðarinnar um langt skeið, eða allt að hálfu öld. Ég hef löngun til þess, nú er við kveðjum Ólaf Thors hinztu kveðju, að láta örfá orð fylgja. Ólafur Thors fyrrv. forsætisráð- herra var svo litríkur og mikill maður, að samtíðarmönnum hans gleymist hann traúðla og alls ekki nú um langt skeið. Ég kynntist Ólafi fyrst árið 1931 í mikilli kosningahrið í Skagafirði

þar sem ég háði mína fyrstu póli- tisku glímu. Þá voru þar mikið stjórnmálaátök. Ég kom fyrst inn á Alþingi á sumarþinginu 1931 og hef lengst af átt þar sæti síðan. Kynni okkar Ólafs eru því orðin ærið löng í hartnær fimmtíu ára samstarfi og samvinnu. Aldrei vorum við í sama flokki, heldur andstæðingar í stjórnmálum. En fljótt kynntist ég hin- um miklu persónutöfrum Ólafs Thors, enda voru þeir einn sterkasti þátturinn í skapgerð hans. Vinsældir Ólafs voru einnig með ólíkindum miklar í stórum og um margt ólíkum og sundurleitum flokki, sem oft hlýtur að hafa verið vandi að stýra á þann veg að allir sættu sig við. Vinsældir Ólafs og vald í flokksmálum var slíkt, að aldrei skeikaði og það jafnvel þegar erfðilegast horfði. Vald hans yfir mönnum og málefnum brást traúðla. Ólafur Thors var gædd- ur óvenjulegum hæfileikum flokksforingja. Vinsældir hans voru miklar og þeim hélt hann óskertum til dauðadags.

Bjarni Benediktsson núver- andi forsætisráðherra lét þess getið í minningarorðum um Ólaf Thors, er hann flutti á gamlárs- kvöld, að mörgum mun finnst minni svipur yfir Alþingi Íslend- inga, er Ólafur Thors væri horf- inn þaðan. Er þetta rétt mælt og vel. Faa hef ég þekkt, er með ljúfara geði og á fegurri hátt hafa gert öðrum mönnum greiða og með sýnilegri ánægju hafa viljað vera öðrum hjálplegir. Þar var aldrei neitt gert af hálf- um huga, heldur af hreinum og fólksvalausum velvilja og með fullri vinsemd reynt að bæta úr því er um var beðið. — Við hjónin kveðjum svo hinn látna fyrrv. forsætisráðherra Ólaf Thors með sárum söknuði og miklu þakklæti fyrir samveru og samstarf. Þar sem góðir menn fara eru Guðs vegir. Við biðjum hækkaði sól, komandi vor og hlýviðri að flytja hans ágætu konu, Ingibjörgu Thors, svo og öllum öðrum aðstandendum hug- heilar samúðarkveðjur.

Steingrímur Steinþórsson.



SNEMMA á þessu ári, eru liðin rétt 40 ár síðan við Ólafur Thors urðum málkunnugir. Hafði ég áður aðeins þekkt hann í sjón. Þessi fyrstu kynni urðu með þeim hætti, að boðað hafði verið til þingmálafundar að Reynivóli um, en fyrir dyrum stóð að kjósa þingmann í stað Björns Krist- jánssonar, sem verið hafði þing- maður kjördæmisins. Voru þeir í kjöri, Ólafur Thors, fyrir Sjálfstæðisflokkinn, og Haraldur Guðmundsson fyrir Alþýðuflokk inn. Þegar fundur þessi fór fram, var hvergi nærri bilfært frá Reykjavík upp í Kjós. Vantaði veg og brýr á flestar ár. Komu frambjóðendumir á skipi inn í Hvalfjörð. Fór ég ásamt Andrési Ólafssyni hreppstjóra á Neðra- Hálsi til móts við þá Ólaf og Harald með hesta til þess að flytja þá á fundarstað, og til baka aftur til skips. Ólafur var hestamaður, og átti sjálfur góða hesta og kunní vel að fara með þá. Hafði hann gaman af að láta spretta úr spori, þegar hann nokkrum árum síðar var hér á ferð, einnig á þingmálafund. Gerði hann mér orð, að koma til móts við sig, því þá var Laxá enn óbrúuð og litt fær bilum. Þegar Ólafur kom hingað fyrst var hann flestum eða öllum ókunnur. Voru margir óráðnir hvern þeir myndu kjósa, og var ég einn af þeim. En eftir þennan fund og nánari kynni var ég ekki í neinum vafa hverjum ég gæfi atkvæði mitt, og svo fór um fleiri. Hélt þó Haraldur vel á sínum málstað. Var það og margra manna mál, að þetta háfi verið einn hinn skemmtilegasti Framhald á bls. 20.

Frá Gjaldheimtunni í Reykjavík

Símanúmer Gjaldheimtunnar í Reykjavík er nú 17940.

Gjaldheimtan.

Vegna útfarar

herra ÓLAFS THORS, fyrrverandi forsætisráðherra loka neðangreindir bankar kl. 12 á hádegis, þriðjudaginn 5. janúar, 1965.

Síðdegisafgreiðslurnar verða opnar eins og venjulega.

Seðlabanki Íslands
Landsbanki Íslands
Búnaðarbanki Íslands
Útvegsbanki Íslands
Íðnaðarbanki Íslands h.f.
Verzlunarbanks Íslands h.f.
Samvinnubanki Íslands h.f.

Lokað

Skrifstofum okkar verður lokað eftir hádegis, þriðjudaginn 5. þ.m. vegna jarðarfara Ólafs Thors, fyrrverandi forsætisráðherra.

Sölusamband ísl. fiskframleiðenda.

Lokað

Skrifstofur vorar verða lokaðar eftir hádegis í dag, vegna jarðarfara fyrrverandi forsætisráðherra,

ÓLAFS THORS

Sölumiðstöð hráðfrystihúsanna
H.f. Jökler.
Tryggingamiðstöðin h.f.
Miðstöðin h.f.

Lokað í dag

til kl. 4 vegna jarðarfara Ólafs Thors, fyrrverandi forsætisráðherra.

Raftækjaverzl. Ljós og Hiti, Garðastr. 2.

Lokað

eftir hádegis í dag vegna jarðarfara Ólafs Thors fyrrverandi forsætisráðherra.

Vinnuveitendasamband Íslands.

Lokað

vegna jarðarfara frá hádegis.

Samtrygging islenzkra botnvörpunga.



Lokað

Skrifstofa Verzlunarmannafélags Reykjavíkur verður lokað frá kl. 12 á hádegis í dag, þriðjudaginn 5. janúar vegna jarðarfara Ólafs Thors, fyrrverandi forsætisráðherra.

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur.

Framh. af bls. 17
Þingmálafundur, sem þeir hefðu komið á. Eins og vitað er, sigraði Ólafur í þessum kosningum, og ætíð síðan, enda hélt hann tryggð og vináttu við kjósendur sína allt til hins síðasta dags. Og sjálfur kveð ég hann með söknuði.

Hér í þessum fáu orðum verður ekki upptalið það sem hann gerði fyrir sitt kjördæmi. En kjósendur hans geta nú lítið til baka og borið saman það sem var og það sem gert hefur verið í hans þingmannstíð. Að visu hafa þar fleiri komið til, en traust forysta er mikils virði. Ýmislegt myndi áreiðanlega skemmrá á veg komið, ef hans forusta hefði ekki komið til. Hann er því kvaddur með virðingu og einlægu þakklæti.

Megi land vort eignast sem flesta forvígismenn honum líka.
Steini Guðmundsson,
Valdastöðum.



ÓLAFUR Thors var höfuðleiðtogi Sjálfstæðisflokksins og fremsti foringi islenzkrar þjóðar í þrjú áratugi. Byltingarkenndar framfarir og umbætur á lífi og hógum þjóðarinnar á þessu tímabili markast framur öllu öðru af stórbrotnum persónuleik hans, dírfsku, bjartsýni og stórhug.

Við ungir Sjálfstæðismenn erum stoltir af því að hafa átt slíkan foringja. Við erum stoltir af því að hafa átt fyrir leiðtoga svip mesta stjórnmalamann Íslandinga þessarar aldar.

Við hrifumst af eldimóði hans og baráttuhug. Þegar ungir Sjálfstæðismenn af öllu Íslandi komu saman til þings í marz sl. sendi Ólafur Thors þinginu skeyti. Þar var kall til nýrrar sóknar fyrir hugsjónum og baráttumálum Sjálfstæðismanna og framfaramálum islenzkrar þjóðar. Það sýndi okkur, að eldimóðurinn var jafn mikill og áður og baráttuandinn sá sami og áður.

Persónuleg kynni mín af Ólafi Thors voru stutt. En hann sýndi mér mikla vinsemd þann tíma, sem ég þekkti hann. Eftir nokkur samtöl, sem ég átti við hann á sl. ári, gerði ég mér gleggri grein fyrir því en áður, hvíllik áhrif þessi maður hlýtur að hafa haft á alla þá, sem með honum unnu og komust í snertingu við glæsta persónu hans, andstæðinga jafnt og samherja.

Ungir Sjálfstæðismenn kveðja mikinn foringja með söknuði, þakklátir fyrir að hafa notið forystu manns, sem allt til hins síðasta var yngstur allra, bjartsýnastur, djarfastur.

Styrmir Gunnarsson.



„VINUR okkar Ólafur er látinn“. Á þennan hátt barst mér fregnin. Reyknesingar kveðja ástælan foringja og vin, sem um 39 ára skeið hefur haft forustu um málafni þeirra.

Ólafur Thors var fyrst kjörinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu haustið 1925. Hann vann þær kosningar með miklum yfirburðum, og með því hófst hinn glæsilegi stjórnmalaferrill hans.

Við, sem frá upphafi höfum fylgt með stjórnmalabaráttunni í því kjördæmi, vitum í hve vaxandi mæli hann átti vinsældum að fagna, ekki eingöngu hjá samherjum, heldur einnig hjá mót-herjum. Hvað vinsældir Ólafs stóðu föstum fótum meðal íbúa kjördæmisins kom ekki hvað sízt í ljós haustið 1963, þegar hann varð að láta af embætti forsætisráðherra.

Fyrst og fremst var Ólafur maður þjóðarinnar. Undir hans forustu hafa verið teknar stærstu ákvarðanirnar í stjórnmalaflokknum, og atvinnulegu tilliti, er hafa varanleg áhrif á framfarir hennar.

Íslenzk stjórnmal hafa oft ver-

ið mjög hörð, og oft persónulegri og harðskeyttari en í öðrum löndum.

Um þann mann, sem hefur verið einn af forustumönnum og um þrjú áratugi formaður stærsta stjórnmalaflokks þjóðarinnar, hefur því oft verið stormasamt. En þar nutu hinir fjölmörgu, stórbrotnu eiginleikar Ólafs sín ekki hvað sízt. Í þeim hildarleik sýndi Ólafur ávallt hve mikill drengskaparmaður hann var.

Það er ekki undrunarefni, að slíkur maður sem Ólafur var, ætti marga aðdáendur, en það lýsir mannkostum hans vel, hve andstæðingarnir mátu hann mikils.

Ég tel að Ólafur Thors hafi verið mikill gæfumaður, að fá að sjá ávöxt ævistarfs síns, hvernig þjóðin undir öruggri forustu hans komst úr fátækt til bjargálna. Það verður með sannri sagt, að á hans síðari árum var hann ekki aðeins flokksleiðtogi, heldur leiðtogi allrar þjóðarinnar.

Ég tel mér það mikla gæfu að ég, sem ungur maður, kynntist Ólafi og tengdist honum vináttuböndum, og ég hefi notið hans hollu ráða og leiðbeininga á mörgum sviðum.

Í starfi mínu, fyrir samtök útvegsmanna, hefur á undanförunum árum oft orðið að leita til islenzkra stjórnarvalda. Hvort heldur Ólafur fór með málefni þeirra eða ekki, þá treystu útvegsmenn á réttisýni hans.

Ég vil svo votta frú Ingibjörgu, börnum þeirra hjóna og öðrum ættingjum, innilega samúð.

Sverrir Júlíusson.



ÞEGAR hringt var til okkar hjóna á gamlársdagsmorgun og okkur sagt, að Ólafur Thors hafi látizt fyrir um morguninn, áttum við eróitt með að átta okkur á þeirri staðreynd, að hann væri genginn. Dauðinn virðist alltaf koma óvænt, ekki sízt dauði manns eins og Ólafs Thors, sem í hugskoti mínu var ætíð gæddur meira lífi en nokkur annar maður, sem ég hefi kynnt. Persóna hans geislaði af meiri lífsorku og atnáfnaprá, en nokkurs annars manns, er ég hefi þekkt. Að visu vissi ég, að heilsu hans hafði hrakað hin síðari ár, en hann hafði svo oft áður verið veikur, en heilsan batnað aftur og svo vonaði maður, að einnig yrði í þetta sinn.

„Það syrtir að, er sumir kveðja“ segir Davíð Stefánsson í einu ljóði sínu. Er fregnin um andlát Ólafs Thors barst hér syðra virtist mér einhver óhugur hvíla yfir mönnum allan daginn. Fánar bióktu allstaðar í hálfu stöng og allir töluðu um þinn mikla missi, sem þjóðin hafði orðið fyrir við frá-fall eins mesta þjóðskörungs Íslands á þessari öld. Um þetta voru allir sammála úr hvaða stjórnmalaflokki, sem þeir voru. Ólafur Thors var elskaður og virtur af öllum sem til hans þekktu, ekki síður af andstæðingum í stjórnmalum en kjósendum hans. Enda var það svo, að ég tel, að enginn islenzkur stjórnmalamaður hafi notið eins mikils persónufylgis í kjördæmi sínu og einmitt hann. Fjöldi fólks þekki ég, sem kaus Ólaf til þings þótt það fylgdi ekki

Sjálfstæðisflokknun að málum og kaus sína flokksmenn til bæjarstjórnar og hreppsnefnda.

Margs er að minnst frá löngu liðnum árum. Ég minnst náms samstarfs við hinn látna höfðingja í rúma 2 áratugi. Ég minnst kosningafundanna víða um kjördæmið þar sem Ólafur hélt sínar gneistandi ræður og barðist við andstæðinga sína en ætíð á svo drengilegan hátt, að orð fór af og oft undrast yfir vegna þess, að baráttuáferðir andstæðinganna gáfu oftast ekki tilefni til þess. Ég minnst hinna fjölmörgu ársnáttu Sjálfstæðisfélaganna í Gullbringu- og Kjósarsýslu og síðar í Reykjaneskjördæmi, þar sem þau hjónin Ólafur Thors og frú Ingibjörg settu sérstakan elskulegan blá á samkomvornar með ljúfmennsku sinni og auðsærri gleði yfir, að eyða kvöldstund með okkur. En einna minnststæðastir eru mér fámennu fundirnir, sem Ólafur hélt með hópi trúnaðarmanna. Þetta voru óformlegir fundir, þar sem allir lögðu sinn skerf til málanna en Ólafur að sjálf-sögðu miðdepillinn og áður en varði var kvöldið líðið. Þegar heim kom, var hugurinn fullur af áhrifum af innblæstri Ólafs Thors, hugmyndum og áformum um hvað hægt væri að gera til eflingar þeirri stefnu í þjóðmálum, sem við trúðum á og foringi okkar hafði helgað líf sitt og baráttu.

Á fundum sínum lagði Ólafur Thors ætíð mikla áherzlu á það, að kvenfólkið í kjördæmi hans tæki virkan þátt í flokksstarfsemi sinni og voru því að hans áeggjan félög Sjálfstæðiskvænna stofnuð víða um kjördæmið þá. m. félag það, sem ég hefi veitt forstöðu mínu um 16 ára skeið með stuðningi og náinni samvinnu við hinn mikla foringja okkar.

Við konur í Reykjaneskjördæmi eigum Ólafi Thors mikið að þakka og mikið upp að unna, en ég veit, að minningu hans heidrum við best með því að halda áfram baráttu okkar fyrir Sjálfstæðisflokkin og styðja og styrkja þá stefnu, sem hann helgaði líf sitt. Veit ég, að allar Sjálfstæðiskonur í Reykjaneskjördæmi — og víðar — eru sammála um þetta. Með Ólafi Thors er tvímælalaust genginn einn svipmesti og stórbrotnasti stjórnmalaskörungur þessarar aldar og kjósendur hans í Reykjaneskjördæmi eru þakklátir fyrir, að hafa átt því láni að fagna, að hafa hann sem foringja sinn og umboðsmann á Alþingi Íslandinga alla hans stjórnmalaaevi. Skarð hans verður því vandfyllt.

Ég hafði vonað, að Ólafur og frú Ingibjörg mættu eiga eftir, að fá mörg og friðsæl ár saman. Það má geta nærri, að oft hefur verið ónæðissamt á heimili þeirra og frú Ingibjörg oft orðið að sýna mikla þolinmæði og fórnfýsi, en hún var einmitt hin rétta eiginkona fyrir umsvifamikinn stjórnmalamann, enda var hugur hans oft hjá henni í ferðalögum sínum um kjördæmið, og í flestum ræðum sínum minntist hann hennar, sem hann elskaði og virti meir en allt.

Að lokum vil ég þakka persónulega vináttu við okkur hjónin í áratugi og við vottum frú Ingibjörgu, börnum, tengdabörnum og barnabörnum okkar innilegustu samúð.

Vigdís Jakobsdóttir.

Skrifstofur vorar

verða lokaðar í dag vegna jarðarfara.

Kveldúlfur hf.

Morgunblaðið

Útgefandi: Hf. Árvakur, Reykjavík.
 Framkvæmdastjóri: Sigfús Jónsson.
 Ritstjórn: Sigurður Bjarnason frá Vigur,
 Matthías Johannessen,
 Eyjólfur Konráð Jónsson.
 Auglýsingar: Árni Garðar Kristinsson.
 Ritstjórn: Aðalstræti 6.
 Auglýsingar og afgreiðsla: Aðalstræti 6. Sími 22480.
 Áskriftargjald kr. 90.00 á mánuði innanlands.
 Í lausasölu kr. 5.00 eintakið.

Leiðtogi kvaddur

Þegar íslenska þjóðin kveður í dag Ólaf Thors, fyrrum forsætisráðherra, hinztu kveðju er margs að minnast. Mikill leiðtogi og óvenjulegur persónuleiki er horfinn af sjónarsviðinu. Að baki honum liggur stórbrotið lífsstarf, sem skilur eftir sig djúp spor á öllum sviðum íslensks þjóðlífs.

Í rúm 30 ár var Ólafur Thors áhrifamesti stjórn-málamaður Íslendinga. Hann var formaður Sjálfstæðisflokksins, stærsta stjórnmalaflokks þjóðarinnar, í tæpa þrjá áratugi og átti rikastan þátt í að móta stefnu hans og starfsaðferðir. Undir forustu Ólafs Thors var Sjálfstæðisflokkurinn langsamlega sterkasta aflið í íslenskum stjórnmalum.

Þeir sem lengi unnu með Ólafi Thors, munu ekki sízt minnast einstæðra hæfileika hans til þess að laða andstæð öfl til samstarfs, greiða úr flækjum og leysa hnúta, sem oft virtust lítt leysanlegir. Hann gafst aldrei upp frammi fyrir neinum vanda, heldur réðist beint framan að erfiðleikunum, gerði sér ljósar allar hliðar þeirra, dró upp ljósar myndir af kjarna málsins og leiðunum til þess að ráða fram úr vandanum.

Hæfileiki Ólafs Thors til þess að laða menn til samstarfs, þrátt fyrir ólík sjónarmið, reyndist honum, flokki hans og þjóð drjúgur til giftu. En vinnudagur hans var oft langur og lýjandi. Þessvegna slitnaði þessi mikli þrekmaður líka fyrr en menn gerðu sér ljóst. Hann var tilfinningaríkur skapmikill, gekk glaður og reifur að hverju starfi, barðist hart, svo að oft sýndust mörg sverð á lofti, en var allra manna sáttfúsastur, og jafnan reiðubúinn til þess að slíðra sverð sitt og takast í hendur við drengilega andstæðinga.

★

Minningin um glæsilegan og svipmikinn persónuleika Ólafs Thors mun lengi lifa meðal Íslendinga. Af málflytningi hans stóð hressandi gustur, sem sópaði burtu allri þöku og lognmöllu. Hann var athafnamaður í orði og verki, hafði óbilandi trú á möguleikum íslensku þjóðarinnar til þess að lifa sjálfstæðu og farsælu menningarlífi í landi sínu.

Ólafur Thors var raunsær framfaramaður, framsýnn og viðsýnn, óbundinn af hverskonar kreddum, alltaf reiðubúinn til þess að stíga stór og hiklaus skref, er verða máttu íslenskri þjóð til gæfu.

Ólafur Thors var mikill gæfumaður. Honum var sýnt mikið traust og hann naut almennra vinsælda langt út fyrir raðir samherja sinna.

Morgunblaðið þakkar Ólafi Thors langa og nána samvinnu, sem var bæði blaðinu og Sjálfstæðisflokknum ómetanleg. Það mun ávallt minnast hans sem hins drengilega hiklausa foringja, sem ævinlega mátti sækja til holl ráð og leiðbeiningar.

Þessi góði drengur og mikilhæfi foringi er nú horfinn. Hann „bognaði aldrei, en brotnaði í bylnum stóra síðast“. Morgunblaðið flytur frá Ingi-björgu Thors, börnum hennar og ástvinum öllum, innilegar samúðarkveðjur. Íslendingar þakka líf og starf Ólafs Thors.

Bjarni Benediktsson:

ÓLAFUR THORS

— minningarorð —

Á ÆSKUHEIMILI Ólafs Thors var meira hugsað og talað um framkvæmdir og athafnalíf en stjórnmal. Ungur að aldri gerðist hann sjálfur forstjóri stærsta atvinnufyrirtækis landsins og hafði þar ærnum störfum að sinna. Hugur hans beindist því á þeim árum ekki sérstaklega að stjórnmalum. Fylgismaður og aðdáandi Hannesar Hafstein var hann allt frá bernsku. Ákafur flokksmaður var Ólafur hins vegar ekki um þessar mundir. Hann greiddi t.d. atkvæði á móti sambandslögunum í þjóðaratkvæðagreiðslunni 1918 vegna þess að hann taldi þau ekki ganga nógu langt í skilnaðarátt. Þegar Jón Þorláksson komst í fararbrodd varð Ólafur eindreginn stuðningsmaður hans. Hann var neðsti maður á lista Jóns við kosningarnar í Reykjavík snemma árs 1921, þegar Jón var fyrst kosinn á þing. Var þá háð hörð kosningahríð og gat Ólafur sér þá þegar, tæplega þritugur að aldri, frægðarorð fyrir góða ræðumennsku og glæsi brag.

Enn meira orð fór af kosningabardaga Ólafs og Haralds Guðmundssonar í Gullbringu- og Kjósarsýslu 1925. Barátta þeirra þótti mál-efnalegri og fimlegri en menn höfðu áður átt að venjast. Ólafur hlaut sigur og hefur setið á Alþingi æ síðan.

Á þingi komst Ólafur þegar í hóp helztu áhrifamanna. Flokkur hans lenti raunar skjótlega í stjórnarandstöðu en forystuhæfileikar Ólafs fengu ekki dulizt. Hann átti manna mestan þátt í því, að íhaldsflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn sameinuðust árið 1929 í Sjálfstæðisflokknum. Hann hafði og af hálfu flokksbræðra sinna forystu um þá lausn kjördæmamálsins, sem samið var um 1932, og tók þá síðla árs sæti í stjórn Ásgeirs Ásgeirssonar, þegar Magnús Guðmundsson vék þaðan um sinn.

Ráðherradómur Ólafs stóð þá einungis skamma hríð, en þegar varð ljóst, að þar var hann á sínum rétta vettvangi. Vildu þá ýmsir, einkum Magnús Guðmundsson sjálfur, að Ólafur héldi áfram í ríkisstjórn. En Ólafur lét þess engan kost. Fann hann þó ekki síður en aðrir,

að stjórnarstörfin léku honum í hendi.

Um þessar mundir varð Jón Þorláksson fyrir alvarlegum heilsuþrengingum og hafði þó tekið við embætti borgarstjóra í Reykjavík til þess að leysa óvæntan vanda. Hann var þess vegna ófáanlegur til þess að vera flokksformaður lengur og var Ólafur Thors árið 1934 kosinn í hans stað. Var Ólafur sjálfkjörinn í það starf æ síðan allt þangað til hann neitaði endurkjöri haustið 1961 sökum þess, að heilsa hans var þá ekki lengur eins góð og skyldi. Eftir að Ólafur tók við forystu flokksins varð hann starfskröftum sínum að nær öllu í þágu stjórnmalanna og mótuðust lífshættir hans og heimili af því. Naut hann í öllum þeim erli óbilandi aðstoðar sinnar ágætu konu, frú Ingibjargar. Heilsteyp skapgerð hennar, festa og ró varð honum sannur skjólgarður á misviðrasamri ævi.

Sjálfstæðismenn höfðu flestir búizt við sigri í þingkosningunum 1934 og Jón Þorláksson lofað Ólafi Thors því að taka þá við stjórnarforystu. Til þess kom þó ekki, því að andstæðingarnir hlutu nauman meirihluta á Alþingi. Vildu nú sumir þeirra ganga milli bols og höfuðs á Sjálfstæðisflokknum og í því skyni leggja að velli hf. Kveldúlf, fyrirtæki Ólafs og bræðra hans. Sú ráðagerð brotnaði hinsvegar á andúð almennings og röskleika Ólafs og þeirra bræðra. Fór svo að lokum, að vegur Ólafs óx mjög af allri þeirri víðureign.

Andstæðingarnir héldu meirihluta sínum á þingi við kosningarnar 1937 en reyndust sundraðir og úrræðalausir. Á árinu 1939 leituðu þeir samstarfs við Sjálfstæðismenn. Flokksmönnum, bæði á þingi og utan þings, sýndist þá mjög sitt hvað, og mátti lengi ekki á milli sjá, hvað ofan á vrði. Ólafur beitti sér á kraft fyrir samstarfi og hafði sitt fram að lokum. Var þá mynduð þjóðstjórnin undir forystu Hermanns Jónssonar og tók Ólafur sæti í henni sem atvinnuáráðherra. Verma þessa samstarfs reyndust Íslendingar mun færari en ella til að ráða við þann margvíslega vanda, sem skömmu síðar steðjaði að

með heimsstyrjöldinni. Ólafur átti heillaríkan þátt í þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru m.a. til að tryggja sjálfstæði þjóðarinnar.

Upp úr þjóðstjórnarsamstarfinu slitnaði fyrri hluta árs 1942. Samvinnuslitin urðu með þeim hætti að seint eða ekki greið alveg um heilt milli Ólafs Thors og sumra forystumanna Framsóknar. Þurfti Ólafur þó aldrei að beita sér harðar en þegar hann knúði flokk sinn til samvinnu við þá 1939 og hélt í samstarfið svo lengi sem honum var með nokkru móti fært innan flokksins. Hann meгнаði hinsvegar ekki að standa á móti þeim umbótum á kjördæmaskipuninni, sem í boði voru 1942, né komst hann undan því að mynda ríkisstjórn, þegar nauðsynlegt reyndist, að flokkurinn tæki það að sér til að koma málinu fram.

Þessi fyrsta ríkisstjórn Ólafs Thors stóð frá því um miðjan maí 1942 fram í miðjan desember sama ár. Á þessum sjö mánuðum fóru fram tvennar kosningar og var all-mikil ólga með mönnum. Auk leiðréttingar kjördæma skipunarinnar náðist þá fram stjórnlagabreyting til undirbúnings endurreisn lýðveldisins og loforð Bandaríkjaþingar um viðurkenningu á lýðveldisstofnun eftir árslok 1943. Sjálf hafði ríkisstjórnin aldrei meirihluta á Alþingi, heldur naut hlutleysis Alþýðuflokks og Sósíalísta-flokksins á meðan verið væri að koma kosningamálinu fram. Þegar ekki reyndist að því búnu aðvelt að mynda meirihluta-stjórn, skipaði ríkisstjórnin, Sveinn Björnsson, utanþingsstjórn. Sú ráðstöfun var meira en hæpin, og tókst þó ekki eins og til var stofnað, að koma í veg fyrir endurreisn lýðveldisins á árinu 1944.

Ólafur Thors átti manna mestan þátt í að stuðla að henni. Skömmu síðar rétti hann hlut Alþingis, með myndun þingræðisstjórnar á ný. Var þá Nýsköpunarstjórnin, sem sat frá því í október 1944 þangað til í febrúar 1947. Hana skipuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks, Alþýðuflokks og Sósíalísta-flokks. Að þessu sinni varð enn nokkur ágreiningur innan Sjálfstæðisflokksins um afstöðu til stjórnarinnar.

Nokkrir þingmenn vildu ekki veita henni stuðning sinn. Allur var sá ágreiningur þó mildari en verið hafði árið 1939. Nýsköpunarstjórnin hafði forystu um útvegum nýrra atvinnutækja og uppbyggingu atvinnuvega. Naut Ólafur sín vel í því starfi og varð fyrir verulegum vonbrigðum, þegar ekki reyndist unnt að halda stjórninni lengur saman. Af þeim sökum neitaði hann með öllu að taka af flokksins hálfu sæti í þeirri stjórn, sem í staðinn var mynduð undir forsæti Stefáns Jóhanns Stefánssonar. Þegar frá leið sá Ólafur þó eftir synjun sinni og veitti frá upphafi bæði fulltrúum flokksins og stjórninni í heild óbrigðulan stuðning.

Eftir að stjórn Stefáns Jóhanns fór frá seint á árinu 1949, myndaði Ólafur Thors minnihlutastjórn Sjálfstæðisflokksins. Hún lét undirbúa og lagði fram tillögur um lausn á þeim efna- hagsvanda, sem þá var við að etja. Beitti Framsóknarflokkurinn sér fyrir, að samþykkt var vantraust á ríkisstjórnina í marz 1950 og féllst síðan á að taka að sér myndun ríkisstjórnar undir forsæti Steingrims Steinþórssonar til þess að framkvæma tillögur Sjálfstæðismanna í aðalatriðum. Ólafur Thors var sjávarútvegs- málaráðherra í þessari stjórn. Setti hann þá reglur um stækkun fiskveiðilandhelginnar með friðun fjarða og flóa og útfærslu úr þremur sjómílum í fjórar, en ráðstafanir til undirbúnings stækkunarinnar hafði Ólafur látið hefja þegar á árinu 1946.

Fyrir kosningar 1953 sleit Framsókn stjórnarsamstarfi við Sjálfstæðismenn en gekk að nýju til samvinnu eftir kosningar og þá undir forsæti Ólafs Thors. Var þá m.a. samið um 10 ára rafvæðingar-áætlun og nýja skipan íbúðarlána. Á árinu 1956 tók vinstri stjórnin við og eftir uppgjöf hennar minnihlutastjórn Alþýðuflokksins undir forsæti Emils Jónssonar. Þá, á árinu 1959, tókst enn að fá lögfest- ar endurbætur á kjördæmaskipuninni og reyndi mest á forystu Ólafs Thors um að ná samkomulagi um framgang hennar.

Eftir seinni kosningarnar á árinu 1959 myndaði Ólafur loks sína fimmtu og síðustu ríkisstjórn, sem sat allt það kjörtímabil og vann glæsilegan kosningasigur í júní 1963. Á þessum árum tókst að endurvekja athafna og viðskiptafrelsi í landinu og stórbæta hag þess út á við. Þá heppnaðist og, ekki sízt fyrir persónulegan atbeina Ólafs Thors sjálfs, að aflétta ófriðarástandi á Íslandsmiðum og tryggja sigur í landhelgismálinu.

Af þessu ófullkomna yf-



Ólafur Thors forsætisráðherra Nýsköpunarstjórnarinnar.

irliti sést, að Ólafur Thors lifði annasömu lífi og að oft hefur á hann reynt. Til að standa í slíku, er betra að hafa sterk bein og góða heilsu. Heilsa Ólafs var hins vegar aldrei örugg. Hann vildi þó ekki láta hvellsýni eða lasleika á sig fá. Á árinu 1961 var svo komið, að hann hvarf frá störfum til nokkurra mánaða hvíldar, en tók við embætti sínu aftur um áramótin 1961—2. Þegar fram á árið 1963 kom var ljóst, að í sama horfið mundi sækja. Hann sótti þá stjórn- arfundi stundum sárþjáður. Lengst af um sumarið var hann illa haldinn. Um mán- aðamótin september-októ- ber skrapp hann til Dan- merkur á fund forsætisráð- herra Norðurlanda. Þegar hann kom heim þaðan sagði hann mér, að nú treysti hann sér ekki lengur til að halda áfram. Vegna fyrir- sjáanlegra erfiðleika þá á næstu dögum og vikum, kom okkur saman um, að ekki væri hentugur tími til að hann segði þá af sér. Fór og svo að hörð hrið varð þegar á þingið kom. Lagði Ólafur sig þá enn allan

fram, en kraftar hans voru á þrotum, og strax og nokk- urt hlé varð á þaðst hann lausnar.

Fór hann síðan vestur um haf og dvaldist þar fram á árið 1964 hjá Ingibjörgu dóttur sinni og Þorsteini Gíslasyni manni hennar. Þegar heim kom, var heilsa hans orðin mun betri, en ekki treysti hann sér samt til að taka sæti á þingi en kom oftast á flokksfundi og lagði þar gott til mála eins og áður. Í sumar hnignaði heilsu hans aftur, en þó hressist hann undir haustið. Hann hugðist því taka sæti sitt á Alþingi og stýrði þar fyrsta fundi sem aldursfor- seti. En eftir nokkra daga sótti enn í sama far og hélt hann sig því heima, þangað til yfir þyrmdi á þriðja í jólum. Var hann eftir það fluttur á Landakotsspítala, þar sem hann andaðist að morgni hins 31. desember.

Þó að veikindi Ólafs veittu nokkra aðvörun, bar dauða hans brátt að og er þjóðinni mikill söknuður í frafalli hans. Lífsþróttur hans virt- ist svo mikill og ótæmandi, að menn eiga erfitt með að

átta sig á, að hann skuli nú þrotinn.

Fals væri að segja, að öllum hafi verið jafnvel til Ólafs. Auðvitað átti hann sína mótstöðumenn, en ó- hætt er samt að segja, að hann hafi notið óvenjulega mikilla vinsælda ekki ein- göngu meðal flokksmanna sinna heldur í öllum flokk- um og sízt var stéttamunur að vinsældum hans.

Ástæðurnar til vinsælda Ólafs Thors voru margar.

Thor Jensen og synir hans voru lengi stærstu og um- svifamestu atvinnurekendur á landinu. Munu hvorki þá né síðar hafa verið vinsælli menn í þeirri stétt. Jafnvel á meðan ég hefi verið að skrifa þessa grein hefir ver- ið hingað hringt til að biðja mig fyrir persónulegar þakkir fyrir örlæti Ólafs og velgerðir. Auðurinn reynd- ist Ólafi raunar valtur vin- ur, en það breytti engu um höfðingsskap hans. Þar var það lundin, sem réði, en ekki hitt, hvort ætíð var miklu að miðla.

Sjálfur bar Ólafur höfð- ingsbrag hvar sem hann var. Engum, sem hann sá, gat dulizt, að þar fór fyrirmað- ur. Öllum hlaut að verða á hann starsýnt, enda var hann ætíð hress og kátur á mannfundum. Hann var því vanur, að allra augu beind- ust að honum og bar sig samkvæmt því.

Ræðumaður var hann ágætur og gat, þegar bezt tókst, hrifið menn jafnt með tilfinningahita og rökfestu.

Ég hefi engan mann þekkt, sem fljótari hafi verið að hugsa og átta sig á málum. Sumir héldu af þessum sök- um, að Ólafur væri stundum helzt til skjótráður og skoð- aði ekki nema yfirborðið. Þessu var allt öðru vísi far- ið. Hann var maður óvenju ihugull og raunar djúpvit- ur en dulur í eðli. Galsinn, sem hann hafði uppi á mannamótum, var að nokkru hjúpur, er hann hafði valið sér í því skyni, að fá að vera einn um það, sem hann taldi aðra ekki varða.

Ólafur vildi ráða, hann hafði ríkan metnað og gat verið þykkjuþungur, ef hann taldi á móti sér gert. En hann skaut sér aldrei undan ábyrgð eða á bak við aðra, þó að hann vildi fús- lega hlýða á annarra ráð- leggingar. Með öllu var hann laus við hefnigirni og fús til satta, þegar hann hugði þeirra leitað af heilindum.

Ólafur átti í áhættusöm- um atvinnurekstri og í stjórnmalabaráttu hans skiptust á sigrar og ósigrar, svo sem verða vill. Það væri rangt að segja, að hann hafi ekki tekið áföll og ósigra nærri sér. En honum féll- ust aldrei hendur og úrræði voru torfundin, ef hann fann þau ekki. Bjartsýni hans var óbilandi svo og trú hans á, að ef maður kæmi vel fram við aðra þá gerðu þeir slíkt hið sama við hann.

Ólafur undraðist oft hnjóð í garð stjórnmalamanna og vildi raunar ekki viður- kenna, að þeir væru í neinu frábrugðnir öðrum, hvað þá sérstök manntegund eins og stundum heyrst. Hvað sem um það er, þá sýndi Ólafur með ævi sinni, að nú bar hinn fremsti þeirra einnig af öðrum samtímaönnum sin um og jafnaðist fyllilega á við þá, sem fram úr skör- uðu af fyrri tíðar mönnum. Enda teljum við, sem Ólaf Thors þekktum bezt, það hafa verið okkur sérstaka gæfu að hafa kynnt og unnið með svo miklum manni og góðum.

Bjarni Benediktsson.

Morgunblaðið

Útgefandi: Hf. Árvakur, Reykjavík.
 Framkvæmdastjóri: Sigfús Jónsson.
 Ritstjórn: Sigurður Bjarnason frá Vigur,
 Matthias Johannessen,
 Eyjólfur Konráð Jónsson.
 Auglýsingar: Árni Garðar Kristinsson.
 Ritstjórn: Aðalstræti 6.
 Auglýsingar og afgreiðsla: Aðalstræti 6. Sími 22480.
 Áskriftargjald kr. 90.00 á mánuði innanlands.
 Í lausasölu kr. 5.00 eintakið.

Ólafur Thors

SÚ harmafregn barst íslensku þjóðinni á gaml-
 ársdag, að Ólafur Thors fyrrv. forsætisráð-
 herra og formaður Sjálfstæðisflokksins væri látinn.
 Með honum er til moldar hniginn stórbrotnasti og
 svipmesti stjórnmálamaður samtíðarinnar á Íslandi.
 Þessi glæsilegi stjórnmálamaður skilur eftir sig djúp
 spor í íslensku þjóðlífi.

Það var hlutskipti hans að halda um stjórnvölinn
 oftast þegar stærstu átökin voru gerð í framfara-
 sókn þjóðarinnar. Forusta hans sem forsætisráð-
 herra í fimm ríkisstjórnnum mótaðist í senn af stór-
 hug, raunsæi og heitum vilja til þess að vinna þjóð
 sinni vel. Það var hin mikla gæfa Ólafs Thors, sem
 stjórnmálamanns, að hann sá margar af helztu hug-
 sjónum sínum rætt, hag þjóðarinnar batna hröð-
 um skrefum, og sjálft landið verða betra og byggi-
 legra.

Enda þótt Ólafur Thors væri einn mesti og víg-
 fimasti baráttumaður íslenskra stjórnmála um 40
 ára skeið, bakaði hann sér ekki varanlega óvild
 höfuðandstæðinga sína. Olli því drengskapur hans
 og hreinlyndi. Þessi þróttmikli baráttumaður hafði
 einstæða hæfileika til þess að laða menn með ólík-
 ar skoðanir og sjónarmið til sátta og heilshugar
 samstarfs. Hann var hjartahlýr maður, hjálplús
 með afbrigðum, og svo trygglyndur, að við var brugð-
 ið af öllum, er af honum höfðu náin kynni.

★

Sjálfstæðisflokkurinn hefur við fráfall Ólafs
 Thors, sem var formaður hans í tæpa þrjú áratugi,
 misst mikinn og farsælan foringja. Íslenska þjóðin
 öll hefur misst stórbrotinn stjórnmálamann og leið-
 toga, sem á mörgum örlagarikum augnablikum
 stýrði málefnum hennar af hyggindum og djúpum
 skilningi á þörfum hennar í nútíð og framtíð.

Bjarni Benediktsson forsætisráðherra minntist
 hins látna stjórnmálaskörungs í áramótaræðu sinni
 á gamlárskvöld. Komst hann þar m. a. að orði á
 þessa leið:

„Erfitt er að segja hvað mér hafi fundist mest til
 um í fari hans. Ef til vill var það bjartsýni hans og
 sá eiginleiki að ætla öðrum gott, þangað til hann
 reyndi annað. Ólafi kom aldrei til hugar að láta
 hendur fallast þótt móti blési, hann var allra manna
 fyrstur að átta sig, og úrræðagóður flestum fremur.
 Hann var sjálfkjörinn foringi, og menn lutu leið-
 sögn hans með ljúfu geði.

Mörgum fleirum en mér mun finnast verða svip-
 minna og daufara á Íslandi eftir að Ólafur Thors er
 hédan horfinn“.

Forsætisráðherra lauk ávarpi sínu með því að vitna
 í eftirfarandi ljóðlinur eftir Einar Benediktsson:

„Með tryggð til máls og manna
 á mátt hins góða og sanna
 þú trúðir traust og fast.
 Hér er nú starfsins endi
 í æðri stjórnarhendi
 er það, sem heitt í hug þú barst.

SVIPMYNDIR



Ólafur Thors forsætisráðherra kemur á kjörstað í kosningunum sumarið 1963, ásamt fru
 Ingibjörgu Thors konu sinni.



Á Sjömannadaginn 1953. Ólafur Thors siglingamálaráðherra
 með fru Gróu Pétursdóttur og Guðmundi Guðnasyri skip-
 stjóra, sem heiðraður var í tilefni dagsins.



Ólafur Thors á heimili
 sínu sumarið 1963

Þessi orð Einars Benediktssonar um föður sinn,
 tek ég mér nú í munn um minn látna vin.

Og út yfir þitt æfíkvöld
 skal andinn lifa á nýrri öld.“

Stórt skarð stendur opið við fráfall Ólafs
 Thors. Íslendingar þakka líf hans og starf, um leið
 og þeir votta ástvinum hans og venzlamönnum ein-
 læga samúð í sorg þeirra.

ÚR LÍFI ÓLAFS THORS

Ólafur Thors forsætisráðherra flytur ræðu á Alþingi nokkra eftir að hann hafði myndað síðasta ráðuneyti sitt, núverandi ríkisstjórn.



Ólafur Thors forsætisráðherra Íslands og dr. Konrad Adenauer kanzlari Sambandslýðveldisins Vestur-Þýskalands.



M Ólafur Thors forsætisráðherra og Ásgeir Ásgeirsson forseti Íslands koma frá því að leggja blómsveig að minnisvarða Jóns Sigurðssonar á Austurvelli á Þjóðhátiðardaginn 1954.



Ólafur Thors atvinnumálaráðherra í Þjóðstjórninni 1939—1942



Forustumenn stjórnmálaflokka- anna minnast Ólafs Thors

MORGUNBLAÐIÐ birtir hér á eftir ummæli forustumanna stjórnmálaflokka, í tilefni af fráfalli Ólafs Thors:



Eysteinn Jónsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði:

MÉR kom andlát Ólafs Thors mjög á óvart, þó ég vissi að hann var ekki heill. Við urðum sessunautar dagana, sem hann sat á Alþingi í haust og gerðum mikið að gamni okkar eins og svo oft áður í stríði og friði. Hann hvarf svo allt í einu með gamanyrði á vörum.

Mér þykir vænt um, að síðustu minningar minar um Ólaf Thors eru með þessu móti og finnst það vel viðeigandi, því erfiður andstæðingur gat Ólafur verið, en leiðinlegur var hann aldrei.

Að mínu mati var Ólafur Thors mikilhæfur stjórnmálamaður og verður hans saknað bæði af samherjum og andstæðingum.

Ég bið blaðið að flytja Ingibjörgu, konu hans, börnum hans og öðrum aðstandendum innilegar samúðarkveðjur.

Einar Olgeirsson, formaður Sameiningarflokks alþýðu, Sózialistaflokksins, sagði:

ÓLAFUR THORS hefur sett mark sitt á Íslandssöguna sem aðalleiðtogi íslenzkrar borgarastéttar um aldarþriðjungs skeið, mesta umbreytingarskeið þjóðarsögunnar. Honum tókst sakir hugrekki, víðsýni og annara forustuhæfileika að halda Sjálfstæðisflokknum, flokki íslenzkrar borgarastéttar, sem stærsta og voldugasta flokki landsins, en slíkt hefur engum forystumanni borgarastétta á Norðurlöndum tekizt að gera á þessari öld.

En hið mikla við hann sem mann og leiðtoga var að hann var nógu hugumstór til að rísa upp á úrslitastundum þjóðarsögunnar og taka höndum saman við höfuðandstæð-

ing sinn, sósíalístíska verkalyðshreyfingu Íslands, og beina þar með þróuninni inn á brautir allri þjóðinni til góðs. Fyrir það verður minning hans þjóðinni allri og sögunni kærust.

Við höfuðandstæðingar flokks hans, sem bárum gæfu til að starfa með honum á risemestu stundum lífs hans, tengdumst þá við hann vináttu böndum sem oft reyndi á í



sviptibyljum sögunnar, en aldrei slitnuðu. Mun slíkt fátítt á tímum harðrar baráttu en er í senn mark um mann-kosti hans, og gæfa fámennri þjóð að slíkt skuli vera hægt.

Við tjáum hans ágætu konu, sem átti svo ósegjanlega mikinn þátt í að gera líf hans gæfuríkt, aðstandendum hans og flokki hans innilegustu samúð okkar við fráfall hans.

Emil Jónsson, formaður Alþýðuflokksins, sagði:

„Ég hef átt náið samstarf við Ólaf Thors á Alþingi og í ríkisstjórnunum í þrjá tugi ára. Við höfum ýmist verið samherjar um stjórn landsins eða andstæðingar. En ávallt



reyndi ég hann að drengskap og miklum mannkostum. Hann myndaði fyrstu ríkisstjórnina sem ég átti sæti í, og ég sat í síðustu stjórninni sem hann veitti forystu. Hann var einstakur maður að vinna með, og olli því ekki aðeins hversu

fljótur hann var að átta sig á flóknum vandamálum, heldur einnig hversu sáttfús hann var og sanngjarn í samskiptum við þá sem hann starfaði með. Hans mun ávallt verða minnt sem eins farsælasta stjórnmálaleiðtoga sem þjóðin hefur eignast á þessari öld.

Ég sendi frú Ingibjörgu, konu hans, hugheilar samúðar kveðjur.“

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, komst svo að orði um Ólaf Thors í áramótaráðu sinni:

„Við áttum langt og ég leyfi mér að segja óvenju náið samstarf. Ég á honum ósegjanlega mikið að þakka fyrir öll okkar kynni. Erfitt er að segja, hvað mér hafi fundizt mest til um í fari hans. E.t.v. var það bjartsýni hans og sá eiginleiki að ætla öðrum gott, þangað til hann reyndi annað. Ólafi kom aldrei til hugar að láta hendur fallast, þótt móti blési, hann var allra manna fyrstur að átta sig og úrræðagóður



flestum fremur. Hann var sjálfkjörinn foringi og menn lutu leiðsögn hans með ljúfu geði. Mörgum fleirum en mér mun finnast verða svipminna og daufara á Íslandi eftir að Ólafur Thors er héðan horfinn. Öll sendir þjóðin eiginkonu hans og ættingjum alúðarkveðjur og biður hinum látna höfðingja blessunar.

Með tryggð til máls og manna

á mátt hins góða og sanna þú trúðir traust og fast. Hér er nú starfsins endi. Í æðri stjórnarhendi en það, sem heitt í hug þú barst.

Þessi orð Einars Benediktssonar um föður sinn tek ég mér nú í munn um minn látna vin

Og út yfir þitt ævikvöld skal andinn lifa á nýrri öld.“

ÓLAFUR THORS

MINNING

Ólafur Thors er fallinn í valinn. Alltof stutt fékk hann að njóta þeirrar hvíldar, er hann tók sér eftir sættargjörðina 9. nóv. 1963 frá löngu, miklu og erfiðu ævistarfi. Hann hefði átt skilið lengri og betri hvíld. En flokkurinn, sem hann veitti forustu í þrjá áratugi, þarfnáðist krafla hans og kunnáttu í að stjórna að heita má til hinztu stundar. Flokksbræður hans vissu sem var að eigi var að vita nær þeir fengju slíkan foringja á ný eða hvort þeir fengju hann nokkru sinni.

Ólafur Thors hefur í þrjá áratugi verið höfuðleiðtogi íslenskrar borgarastéttar og flokks hennar, Sjálfstæðisflokksins. Þetta er ekki aðeins langur tími, — það sést best þegar hugað er að þeir þrjú leiðtogar, er sú stétt átti á undan honum, hvern á fætur öðrum: Hannes Hafstein, Jón Magnússon og Jón Þorláksson, gegndu sínu forustustarfi samantlagt í þrjá áratugi. Þetta síðara þriggja áratuga skeið er og mesti umbreytinga- og á-taka-tími íslenskrar sögu. Allt

þjóðfélag vort og ekki sízt borgarastéttin hefur tekið ger-breytingum á þessu skeiði.

Ólafur var stétt sinnj og flokki mikill og góður foringj. Hugrekki það og víðsýni, er hann átti til að bera, hjálpaði honum best, er mest á reið og hann þurfti að beita hin-um djörfustu bardagaáferð-um. Hann var og gæddur svo góðum og ólíkum eiginðum til víggengis á vettvangi stjórnmálanna sem annarsvegar glæsímennsku og „charma“ í framgöngu og hinsvegar slík-um humor og gáska að ógleymanlegur er, enda munu um and-svör hans í ýmsum kringum-stæðum myndast þjóðsögur til viðbótar þeim sönnu. Hann var bardagamaður mikill og harður, einkum á yngri ár-um og mun þá hafa haft yndi af orrahrið stjórnmálanna. Þg mætti honum fyrst á útfundi í Hegranesi, er ég ásamt Har-aldi Guðmundssyni talaði fyr-ir Alþýðuflokkinn, en þeir Ó-lafur, Haraldur og Jónas frá Hriflu voru þá á yfirreið um landið til fundahalda eins og þá tíðkuðust. En vígðimastan man ég hann frá fundi í Barnaskólaportinu 1936, er hann mætti einn öllum aðalleið-togum Alþýðuflokksins. Hann var þá meistari í þeim skilm-ingaleik ræðuhalda, er þar var háður.

En einn var sá eiginleiki, sem ef til vill auðveldaði Ólafi mest erfitt hlutverk hans sem for-manns Sjálfstæðisflokksins. Það var hve óbundinn hann var allri þeirri hégilju og hjátrú, sem meir og meir er að hel-taka íslenska borgarastétt. Hann, sem var fimur sinnum forsætisráðherra Íslands, var svo blessunarlega laus við þann hégómaskap og helgislepju, er burgeisar vorir nú ala upp hjá sér og finnst eiga að fylgja slíkri tign, að ég býst við að flestum þeim erlendu sendi-herrum, er menn kunnu að meta, hafi fundizt hann sér-kennilegasti og mest töfrandi forsætisráðherra, er þeir höfðu hitt á lífsleiðinni. Svo fyrirleit hann t.d. „allar þær „orður“ er á honum dundu, að hann gætti þess oftast vel sem forsætis-ráðherra að fyrirskipa slíka veizlubúninga að ekki þyrfti hann að bera þær. — Hann var og sjaldnast fangi þeirra hugmynda, sem hann sem stjórnmála leiðtogi borgarastétt-

arinnar notaði og lét nota, svo sem „andkommúnismans“. Hann vissi að slíkt vopn „beit vel“, en honum datt ekki í hug að láta slíka hjátrú hindra sig í að gera það, sem hann áleit rétt og nauðsynlegt. Og það var honum sem leiðtoga hinnar sundurleitu íslensku borgara-stéttar þó oft erfitt. Hann var bundinn í báða skó. Hann varð að halda saman í einum flokki heildsölum, útgerðarmönnum og iðnrekendum með ólíka hags-muni og tryggja þar að auki flokki sínum fjöldafylgi bænda og verkamanna. Og slíkt var ekki heiglum hent, enda hefur engum forustumanni borgara-stétta á Norðurlöndum tekið það á þessari öld að halda flokki borgarastéttarinnar sem stærsta flokki viðkomandi lands, nema Ólafi Thors.

Eitt af því sem gerði honum þetta kleift var hugrekki hans í því að láta flokk sinn taka nokkurs konar hamskiptum á umbyltingarárunum 1942 til 1944.

Fram að þeim árum hafði Sjálfstæðisflokkurinn fyrst og fremst verið hinn opinskál harðvitugi íhaldsflokkur hálf-gjaldþrota borgarastéttar, sem átti í vægðarlausri baráttu við verklyðssamtökin og fylgdi sveitaflutningum eins lengi og fært var og var andsnúinn tryggingalöggjör, byggingu verkamannabústaða o.s.frv. Og stéttaátök þessara ára voru að sama skapi hörð og þjóðstjór-nartímabil 1939—42 harðvit-ugasta afturhaldsskeið Íslands-sögunnar á 20. öld.

En þegar verklyðshreyfingin reís upp og braut blað í Ís-landssögunni með sigrum sin-um 1942, þá var það Ólafur Thors sem fyrstur allra borg-aralegra forystumanna áttaði sig á því, sem var að gerast í þjóðlífinu og tók höndum saman við verklyðshreyfinguna 1944 til þess að skapa með henni úr því Íslandi eyndar og kreppu, er áður var, það bjargálma þjóðfélag, er við bú-um við í dag. Til slíks þurfti eigi aðeins svo hugumstóran mann, sem Ólafur Thors þá reyndist, heldur og svo andlega frjálstan af bannhelgi boðörða stéttar sinnar að hann hikaði ekki við að taka upp nýja stefnu á fjölmörgum sviðum. Það þurfti að fórna mörgum „heilögum kúm“ gamaldags í-haldsmennsku. En Ólaf Thors



brast ekki kjark til þess að taka upp sem stefnu stjórnar sinnar: áætlunarráð um þróun íslensks þjóðarþúskaþar, koma á viðföðmu almannatrygginga-kerfi í þjóðfélaginu, setja upp viðtækan opinberan rekstur út-gerðar, leiða í lög hina röttæk-ustu íbúðabyggingalöggjör, sem Ísland hefur þekkt og semja við verklyðssamtökin um það hátt kaup að herra hefur raunkaup dagvinnu eigi orðið síðan. — né heldur til þess að framkvæma allt þetta að taka höndum sam-an við þá menn, er bannfærðir höfðu verið á Alþingi nokkru áður.

Í því, sem gerðist í septem-ber og október 1944 ris Ólafur Thors hæst sem stjórnmála- tugi að snilli og dírfektur ur hans var klofinn. Þingmönnum hans og an- alblað flokksins, Vísi, voru al-gerlega andvígir stjórnarmynd- un með Sósíalístaflokknum, — og urðu í stjórnarandstöðu á eftir. Og ekki vantaði freisting- arnar til afturhvarfisins: Fram-sókn bauð honum 3. okt. upp á afturhaldsstjórn til kaupkúgun- ar gegn verkamönnum. Og allt í kringu lögðu verkföll, m.a.s. að lokum blóðin stöðvuð. En Ólafur Thors hikaði ekki.

Það var á þessum dögum, sem ég fékk þá innsýn í mann-

inn Ólaf Thors, sem ég aldrei gleymi, og bundu okkur vin-áttuböndum ævilangt, svo und-arlegt sem slíkt má virðast um pólitíska andstæðinga. Ég hafði kynnt Bjarna Benediktssyni allvel í baráttunni fyrir stofn- un lyðveldisins og sagt honum fyrstum pólitískra andstæðinga minna frá nýsköpunarhugmynd- unum, hann tekið þeim vel og komið á sambandi milli okkar Ólafs. Við Ólafur urðum sam- mála um hvað við lá: Annað- hvort yrði saminn friður milli stéttanna og sá auður, sem þjóðin nú átti í fyrsta sinn, er Ísland varð ríkt að fé, notaður til þess að byggja upp nýttísku atvinnulíf þess með sameigin- legu átaki stéttanna, — eða sú efnahagslega borgarastyrj- ið, sem hafin var, héldi áfram, auðæfi þessi brynnu á háll stéttabaráttunnar og Ísland yrði aftur jafn fátækt sem fyr. And- stæðingar Ólafs brugðu honum oft um vélabrögð og alvöru- leysi, — en einmitt á þessum örlagastundum haustið 1944 fann ég best þá djúpu alvöru, er undir hjá honum bjó og þann ábyrgðarþunga, er á hon- um hvíldi. Við vorum þá dag- lega saman að glíma við vanda- málin í óvissunni um úrslitin, dag eftir dag. Eitt sinn, er við sátum tveir inni í fjárveitinga- nefndarherbergi, áhyggjufullir um hvað yrði, mælti Ólafur þessum orðum við mig: „Við

erum báðir gæfumenn, Einar, ef þetta tekst“. — Og það tókst. Eg held Ólafur hafi alltaf álitid myndun nýsköpun- arstjórnarinnar sitt mesta stjórn málaafrek, — sem það og var. Brynjólfur Bjarnason, sem þá varð samráðherra hans og batzt einnig við hann vin-áttuböndum, sem ekki slitnuðu, orðaði matið á þeirri stjórn manna best á þessa visu: „Ég held að þjóðin hefði tapað trúnni á að hún gæti stjórnað sér sjálf, ef nýsköpunarstjórn- in hefði ekki verið mynduð.“

Aftek Ólafs 1944 er í ætt við það, sem Þorgeir Ljósveitinga- goði vann árið 1000. Grund- völlurinn var lagður að þjóð- félagi á herra stigi lífskjara en áður. Það var sannað að hinar andstæðustu stéttir Íslend- inga gátu tekið saman höndum, er mikið lá við Sundrungu nýrrar Sturlungaaldar, er tor- úmt hefði nýfengnu sjálfstæði lyðveldisins, var afstýrt. Þjóð- inni var gefið sjálfstraust sem ei varð af henni tekið.

Síðan dreif margt á dagana, sem ei skal rakið. En það hygg ég að hafi verið mest að skapi Ólafs Thors að kveðja stjórn- málavettvanginn eftir þrjátíu ára stríð sem foringj flokks síns, með sættinni við verk- lyðshreyfinguna 9. nóv. 1963, er horfið var frá hinum hörð- ustu bardagaáferðum, er kveikt hefðu bál efnahagslegr- ar borgarastyrjaldar að nýju, og stefnt í átt til friðar.

Ólafsfjarðar- kaupstaður tvítugur

Um áramótin voru liðin 20 ár síðan Ólafsfjarður ólaðist kaupstaðarréttindj samkvæmt lögum sem tóku gildi 1. janúar 1945. Minnst blaðið ÓLAFS- FIRÐINGUR þessara tímamóta með myndarlegu afmælisblaði. Meðal þeirra sem í blaðið rita er Ásgrímur Hartmannsson bæj- arstjóri. Segir hann m.a. í grein sinni:

„Á hverju ári í ævi þessa 20 ára bæjar hefur verið háð hörð baráttu fyrir lífi hans, og sigrar og ósigrar skipzt á. Sér- staklega voru fyrstu árin erfi- id, afkoma almennings léleg, aflaleysi og atvinnuleysi oft tímunum saman.

Oft mátti varla á milli sjá hvort sjálfstæði bæjarins yrði bjargað eða ekki.

En þrátt fyrir allt verður því ekki neitað, að miklar framkvæmdir hafa orðið hér Framhald á 9. síðu.

Ólafur átti þeirri gæfu að fagna í einkalífi sínu að eiga hina ágætustu konu, frá Ingibjörgu Indriðadóttur Einars- sonar, sem eigi aðeins var jafn- oki hans í höfðinglegri fram- göngu og veru, heldur var hún og honum í lífinu sú stoð og stytta, er best reyndizt í and- streymi og þegsnulegum erfið- leikum. Til hennar hvarflar hugurinn, fullur samáður, á þessum stundum hennar mikla missis. Aðstandendum hans öll- um og flokki hans, sem nú á sínu mikilhafasta forustu- manni á bak að sjá, eru send- ar samúðarkveðjur.

Sú skal vera kveðja mín til Ólafs Thors og ósk til þjóðar vorrar, — um leið og þakkað er það samstarfi, er við átt- um, — að meðan stéttabaráttu er háð í landi voru, þá megi íslensk yfirstétt á úrslitastund- um þjóðarinnar eiga mann eins og hann, foringja, er þori að semja frið og taka höndum saman við alþýðu landsins, þeg- ar þjóð vorri ríður allra mest á, eins og hann gerði á ris- mestu og gæfusömustu stund- um lífs síns.

Einar Olgeirsson.